

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Ólafur Björnsson

Mánudagskvöldið 11. apríl árið 1938 flykkust íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn á fund á Café Trehjørnet við Silfurgötu. Nú átti Halldór Kiljan Laxness leið um borgina og ætlaði að segja þeim frá ferð um Ráðstjórnarríkin síðustu fjóra mánuði, frá því í desember 1937. Stúdentarnir voru flestir róttækir í stjórnmálaskoðunum og vildu ólmir heyra í hinum umdeilda rithöfundi. Í ræðu sinni kvað Kiljan fréttir í vestrænum „borgarablöðum“ um Rússland ónákvæmar. Hann hefði fyrst verið þar eystra fyrir fimm árum, og hefði nú margt breyst til batnaðar. Almenningsur væri ánægður. „Fólkið sér landið byggjast upp,“ mælti Kiljan, „kaup sitt hækka, en vörurnar lækka.“ Áður fyrr hefðu flestir Rússar verið ólæsir. Nú litu lestarstöðvar í Moskvu út eins og menningarhallir. Kiljan sagðist hafa farið á rithöfundaping í Georgíu. Þar hefði roskið Kasakhaskáld, Dzhabúl að nafni, tekið fram dombru og sungið kvæði eftir sig um Stalín.¹ Fór Kiljan síðan með lokaorðin í þýðingu sinni:

Í Stalín rættist draumur fólksins um gleði og fegurð.
Stalín, elskaði vinur, þú átt ekki þinn líka.
Þú ert skáld jarðarinnar.
Stalín, þú er söngvari þjóðvísunnar.
Stalín, þú ert hinn voldugi faðir Dzhabúls.²

Eftir að Kiljan hafði farið með þessi vísurð, dundi við lófatak. Stúdentarnir íslensku kunnu vel að meta lofið um Stalín. Í miðjum fagnaðarlátunum stóð þó einn fundarmaður upp og læddist út, svo að lítið bar á, Ólafur Björnsson, sem hugðist ljúka hagfræðiprófi þá um sumarið. Á heimleiðinni hristi hann höfuðið og tautaði fyrir munni sér, að fundurinn hefði verið líkastur samkomu í hjálpræðishernum, sem hann hafði einu sinni sótt af forvitni á námsárum sínum á Akureyri. Kvæði Dzhabúls hefði minnt á sálm. Kiljan væri að boða trú, ekki stjórnmálaskoðun. Stundum bregður lítið atvik ljósi yfir stórt

mál. Á þessari stundu mættust trú og skynsemi í íslenskum stjórnmálum, sálmar og rök, orðfimar öfgar og upplýsing. Það varð hlutskipti Ólafs Björnssonar að tala máli hinnar jarðbundnu skynsemi á Íslandi sem háskólaprófessor, alþingismaður og rithöfundur. Hann miðaði við mennina eins og þeir væru, en ekki eins og þeir ættu að vera, mælti fyrir frelsi, ekki frelsun, umbótum, ekki umsköpun.

Ættir og uppvöxtur: 1912–1931

Ólafur Björnsson var af prestum kominn í báðar ættir. Báðir afar hans voru kunnir og virtir prófastar. Föðurafi hans, Stefán Magnús Jónsson, fæddist í Reykjavík 18. janúar 1852, sonur Jóns Eiríkssonar landfógetaskrifara og Hólmfríðar Thorarensen. Bróðir Jóns var hinn þjóðkunni guðfræðingur Magnús Eiríksson, sem bjó mestalla ævi í Kaupmannahöfn og vildi jafnan hafa það, sem honum þótti sannast, hvað sem tíðaranda og almenningsáliti leið. Er frægt, þegar reynt var eitt sinn á dönsku kirkjuþingi að hrópa Magnús niður vegna gagnrýni hans á guðspjöllin, en hann hélt ótrauður áfram.³ „Finnst mér margt í manngerð og fari Ólafs minna á Magnús,“ sagði einn vinur Ólafs Björnssonar, Klemens Tryggvason.⁴ Stefán lauk prófi frá Prestaskólanum í Reykjavík 1875. Eftir það var hann í eitt ár kennari í barnaskóla á Vatnsleysuströnd, en síðan var honum veitt Bergstaðaprestakall í Húnaþingi 1876. Þá um sumarið gekk hann að eiga frændkonu sína, Þorbjörgu Halldórsdóttur. Hún var fædd 12. október 1851, dóttir hjónanna Halldórs Sigurðssonar á Úlfstöðum í Loðmundarfirði og Hildar Eiríksdóttur, systur þeirra Jóns landfógetaskrifara, föður Stefáns, og Magnúsar guðfræðings. Þau Stefán og Þorbjörg hófu síðan búskap á Bergstöðum. Tveir synir þeirra, sem þar fæddust, komust á legg, Eiríkur og Björn, og urðu báðir prestar. Árið 1885 var séra Stefáni veitt Auðkúla í Svínavatnshreppi, og fluttist fjölskyldan þangað í fardögum 1886. Þar eignuðust þau þrjú börn, sem upp komust, Lárus bónda, Hilmar, bankastjóra Búnaðarbankans, og Hildi. Árið 1895 andaðist Þorbjörg, kona séra Stefáns, eftir langa og stranga sjúkdómslegu. Þremur árum síðar gekk séra Stefán að eiga Þóru Jónsdóttur, og komst ein dóttir þeirra upp, Sigríður. „Í trúarboðun sinni var séra Stefán jafnan frjálslyndur og mildur, og mun óhætt að



Ólafur Björnsson

fullyrða, að hann hafi að talsverðu leyti mótast af trúfræði Magnúsar Eiríkssonar, föðurbróður síns,“ skrifaði Jón Eypórsson. „Séra Stefán mun hafa orðið einna fyrstur íslenskra presta til að hafna eilífri útskúfun í boðskap sínum.“⁵ Samdi hann *Hugvekjur til húslestra*, sem komu út 1885.⁶ Séra Stefán andaðist að Auðkúlu 17. júní 1930. Síðari kona hans, Þóra, lést 1947.

Móðurafi Ólafs Björnssonar og nafni, Ólafur Ólafsson, fæddist í Hafnarfirði 23. ágúst 1860, sonur Ólafs kaupmanns Jónssonar og konu hans, Mettu Kristínar Ólafsdóttur. Hann lauk prófi úr Prestaskólanum 1885, vígðist þá um haustið til Lundar í Lundarreykjadal í Borgarfirði og kvæntist um sama leyti Ingibjörgu Pálsdóttur. Hún var fædd 17. janúar 1855, dóttir hjónanna Páls prests Jónssonar Mathiesens í Arnarbæli í Ölfusi og Guðlaugar Þorsteinsdóttur frá Núpakoti undir Eyjafjöllum. Þau hjónin eignuðust fimm börn, sem upp komust. Elstur var Páll Ólafur Ólafsson útgerðarmaður. Kona hans var Hildur Stefánsdóttir, systir séra Björns Stefánssonar á Auðkúlu. Næstelstur var Jón Foss (Ólafsson) læknir, sem lést ungur. Þriðja barnið var Kristín Ólafsdóttir, sem lauk fyrst íslenskra kvenna læknisprófi og giftist Vilmundi Jónssyni landlækni. Fjórða í röðinni var móðir Ólafs Björnssonar, Guðrún Sigríður Ólafsdóttir. Með því að hún giftist séra Birni Stefánssyni á Auðkúlu, voru tvöfaldar mægðir á milli systkinanna Páls og Guðrúnar Ólafsbarna og Hildar og Björns Stefánsbarna. Yngsta barnið var Ásta Ólafsdóttir, sem giftist Ólafi Bjarnasyni í Brautarholti á Kjalarnesi. Á meðal barna þeirra er Ólafur Ólafsson landlæknir. Árið 1902 fékk séra Ólafur Ólafsson Hjarðarholt í Dölum. Þar reisti hann með aðstoð vinar síns, Thors Jensens, fallega kirkju, sem Rögnvaldur Ólafsson teiknaði, og var hún fyrsta krosskirkja landsins.⁷ Ólafur rak líka heimavistarskóla í Hjarðarholti í átta ár af miklum myndarskap. Hann hætti prestsskap 1919 og fluttist ásamt konu sinni til Reykjavíkur. Á efri árum lagði Ólafur fyrir sig málalalist, en einnig orti hann nokkuð. Ingibjörg andaðist 9. október 1929, en séra Ólafur 13. mars 1935.⁸

Faðir Ólafs Björnssonar, séra Björn Stefánsson, fæddist að Bergstöðum í Svartárdal 13. mars 1881. Eftir stúdentspróf sumarið 1902 var hann heimiliskennari einn vetur á Akureyri, en eftir það lá leiðin í Prestaskólann, og lauk hann prófi þaðan 1906. Um sumarið sótti Björn kristilegt stúdentamót í Finnlandi, en næsta vetur kenndi hann börnum hjá föður sínum á Auðkúlu, og haustið 1907 vígðist hann til Tjarnar á Vatnsnesi.⁹ Hann kvæntist 11. september það ár Guðrúnu Sigríði

*Fjórir ætt-
liðir. Ólafur
Björnsson með
móður sinni,
Guðrúnu Sigríði
Ólafsdóttur;
afa, séra Ólafi
Ólafssyni í
Hjarðarholti,
og langömmu,
Mettu Kristínu
Ólafsdóttur. Það
var Ólafi mikið
áfall, þegar
hann sex ára
missti móður
sína og fjöl-
skyldan leystist
upp í nokkur ár.*



Ólafsdóttur frá Hjarðarholti. Guðrún var þá aðeins nítján ára, fædd á Lundi í Lundarreykjadal 27. nóvember 1890. Veturinn 1911–1912 kenndi Björn hjá tengdaföður sínum í Hjarðarholtsskóla, og þar fæddist fyrsta barn þeirra Guðrúnar, Ólafur, 2. febrúar 1912. Séra Björn var aðstoðarprestur hjá séra Jens Pálssyni í Garðaprestakalli á Álfanesi næsta árið og síðan prestur á Sauðárkróki 1913–1914. Árið 1914 fékk hann sama prestakall og faðir hans hafði gegnt, Bergstaði í Svartárdal, og fluttist þangað ásamt konu sinni og Ólafi, rösklega tveggja vetra. Þar var torfbær með löngum göngum og rangölum, sem Ólafur mundi eftir alla ævi, en árið 1917 reisti séra Björn á jörðinni timburhús með



Ólafur ásamt föður sínum, séra Birni Stefánssyni prófasti. Ólafur var hæstur á gagnfræðaprófi á Akureyri 1929.

torfpaki.¹⁰ Á Bergstöðum eignuðust þau Guðrún Sigríður þrjár dætur, sem upp komust. Ingibjörg fæddist 1914, Þorbjörg 1915 og Ásthildur Kristín 1917. Sumarið 1918 var hins vegar harmur kveðinn að fjölskyldunni á Bergstöðum. Húsmóðirin, Guðrún Sigríður Ólafsdóttir, ól andvana mey barn 20. júní og lést sjálf fimm dögum síðar, 25. júní. „Þótt ég væri þá aðeins sex ára gamall, man ég, að lát hennar hafði djúp áhrif á mig,“ sagði Ólafur síðar. „Það var mér þá mikil huggun, að þá var ég viss um að líf væri til eftir dauðann, þannig að víst væri, að ég myndi hitta mömmu aftur.“¹¹

Séra Björn Stefánsson stóð nú einn uppi með fjögur ung börn. Var þeim til bráðabirgða ráðstafað til foreldra hans og tengdaforeldra. Ólafur og Ásthildur fóru til afa síns og ömmu í Hjarðarholti, séra Ólafs Ólafssonar og Ingibjargar Pálsdóttur, en þær Ingibjörg og Þorbjörg á Auðkúlu til föðurafa síns og síðari konu hans, séra Stefáns Jónssonar og Þóru Jónsdóttur. Þegar séra Ólafur og Ingibjörg flutt-

ust til Reykjavíkur, fór Ásthildur með þeim í bæinn, en Ólafur í eitt ár til afa síns á Auðkúlu.¹² Árið 1921 sameinaðist þó fjölskyldan á ný, er séra Birni var veitt Auðkúla eftir föður sinn, og fluttist hann þá þangað frá Bergstöðum. Þjuggu foreldrar hans og börn þar með honum. Séra Stefán, faðir hans, hafði reist stórt steinhús á Auðkúlu, og sást þaðan vítt um sveitir.¹³ Séra Björn var samvinnumaður og studdi Framsóknarflokkinn. Séra Stefán hallaðist hins vegar að Íhaldsflokknum og var aðdáandi Jóns Þorlákssonar, verkfræðings og forsætisráðherra. Var Ólafur Björnsson mjög hændur að afa sínum.¹⁴

Prestssonurinn á Auðkúlu, Ólafur Björnsson, var bráðger, snemma læs, gat sex ára þulið utanbókar Skúlaskeið eftir Grím Thomsen og gerði það stundum fyrir gesti.¹⁵ „Ég get ekki sagt, að ég hafi verið mjög hneigður til búverka, vann að vísu öll venjuleg störf, er til féllu, en fann það glögglega, þegar ég var í tvo mánuði í farskóla veturinn 1924–1925, að lærdómurinn átti best við mig,“ sagði Ólafur síðar. „Einkum hafði ég gaman af reikningi, en stærðfræði hefir jafnan verið eftirlætisnámsgrein mín.“¹⁶ Kennari Ólafs þennan stutta tíma, Bjarni Jónasson, kennari og fræðimaður frá Þórormstungu í Vatnsdal, hafði mikil áhrif á hann.¹⁷ Ólafur undirbjó sig undir nám hjá föður sínum og settist haustið 1927 í 2. bekk Menntaskólans á Akureyri, þar sem skólabróðir séra Björns var skólameistari, Sigurður Guðmundsson. Bjó Ólafur í heimavist skólans, en þar var aðbúnaður heldur lakur, enda fjárhagur nemenda almennt bágborinn. Þótt Ólafur væri af grónum prestaaetnum, vöknudu með honum efasemdir í trúmálum í náttúrufræðitímum hjá Pálma Hannessyni, síðar rektor Menntaskólans í Reykjavík. Þá kynntist hann skýringum raunvísindanna á ýmsum fyrirbærum og kastaði trúnni á framhaldslíf, sem hafði verið honum huggun eftir móðurmissinn.¹⁸

Ólafur Björnsson lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1929 með hæstu einkunn allra nemenda, 7,29 á Ørsted-kvarða, þar sem hámarkið var 8. Næsthæstur varð Steingrímur J. Þorsteinsson, síðar norrænufræðingur, með 7,15.¹⁹ Ólafi varð minnisstæð slitaræða Sigurðar skólameistara þetta vor. Hún var hörð gagnrýni á þá Adam Smith og Arnljót Ólafsson, sem skrifað hafði fyrsta hagfræðiritið á íslensku, *Auðfræði*. Taldi Sigurður þá lofsyngja sjálfselsku, sem væri alls ekki gangráður flestra manna. Tók hann dæmi af móðurást. „Halda þeir, að móðir velti því lengi fyrir sér, áður en hún hefur hjúkrun á sjúklingnum smáa, hvort hún græði á slíkri vöku og

umönnun?“²⁰ Eftir gagnfræðaprófið stytta Ólafur sér aftur leið og las fimmta bekk utan skóla sumarið 1930, en sat í sjötta bekk veturinn 1930–1931. Þá átti hann í ritdeilu í blaði menntaskólanema við Halldór Pálsson frá Guðlaugsstöðum um stærðfræði og latínu. Hélt Ólafur fram latínu, því að hún skerpti hug manna og hefði auk þess bókmenntagildi. Ekki er víst, að þeir Ólafur og Halldór hafi sjálfir tekið allt alvarlega, sem þeir skrifuðu þá.²¹ Á stúdentsprófi vorið 1931 var Ólafur þrátt fyrir ungan aldur næsthæstur með 7,36 á Ørsted-kvarða.²²

Hagfræðistúdent í Kaupmannahöfn: 1931–1938

Veturinn 1931–1932 sat Ólafur Björnsson í lagadeild Háskóla Íslands, sem þá var haldinn í Alþingishúsinu. Hann hafði ekki sótt um stóra styrkinn, sem veittur var nokkrum bestu námsmönnum hvers árs, og fjárráðin leyfðu ekki utanför án slíks styrks. Haustið 1931 var gerð könnun á þörf þjóðarinnar fyrir háskólamenn, og samkvæmt henni þurfti aðeins þrjá til fjóra lögfræðinga á ári, en í lagadeildina höfðu innritast sautján manns. Ólafi sóttist laganámið ágætlega, en hætti að sækja tíma á miðjum vetri. Tók hann þó próf í forspjallsvísindum og hlaut ágætiseinkunn, 7,33 á Ørsted-kvarða.²³ Ákvað hann að leita eftir styrk til náms við Kaupmannahafnarháskóla í hagfræði, sem hann hélt, að væri aðallega tölfræði, en hún lá vel fyrir honum. „Það má því segja, að ég hafi farið út í hagfræðina á röngum forsendum,“ sagði hann síðar kímileitur.²⁴ Ólafur hlaut styrkinn og hélt til Kaupmannahafnar haustið 1932. Þar var hann einn af síðustu nemendum hins fræga hagfræðiprófessors Lauritz Bircks, sem lést snemma árs 1933. Birck hafði setið á þingi fyrir hægri menn, en var sjálfstæður í skoðunum og kjarnyrtur, jafnvel stundum stóryrtur. Varð Ólafi minnisstætt, þegar Birck sagði eitt sinn, að páfagaukur gæti verið seðlabankastjóri í landi, þar sem gjaldmiðillinn væri á gullfæti.²⁵ Með þessu var hann að leggja áherslu á, að gullfótur eins og tíðkast hafði fyrir 1914 stuðlaði að jafnvægi í gjaldeyrismálum og alþjóðaviðskiptum án beinnar milligöngu neins sérstaks aðila. Þá gátu seðlabankar ekki gefið út meira af seðlum en gullforði þeirra leyfði. Birck þótti utan við sig, og voru sagðar margar sögur af honum, sem sumar voru síðan heimfærðar á Ólaf Björnsson. Til dæmis sat Birck dag einn á skrifstofu sinni og sökkta sér niður í

lestur og tottaði pípu sína með. Hann tók síðan út úr sér pípuna og barði henni við öskubakkann. „Bang, bang,“ heyrðist. Prófessorinn leit upp, horfði á dyrnar og kallaði: „Kom inn!“²⁶ Á meðal annarra hagfræðikennara Ólafs voru Axel Nielsen, sem kenndi um peningamál, og Jens Warming, sem kenndi tölfraði. Íslenskir ráðamenn leituðu til Nielsens á þriðja áratug, þegar þeir veltu fyrir sér framtíðarfyrirkomulagi peningamála. Warming greindi einna fyrstur hagfræðinga hættuna af ofnýtingu þeirra auðlinda, sem væru samnýttar, til dæmis fiskimiða.²⁷

Hagfræðinámið í Kaupmannahafnarháskóla var venjulega sex ár og þótti traust og gott. Sumarið 1933 kom Ólafur Björnsson heim í leyfi eftir fyrsta veturinn í Kaupmannahöfn. Á leiðinni utan í ágúst varð hann samferða nýstúdent, Klemens Tryggvasyni, sem var ekki viss um, hvort hann ætti að hefja nám í hagfræði eða sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Ólafur hvorki latti Klemens né hvatti til hagfræðináms, en skömmu eftir komuna til Kaupmannahafnar ákvað Klemens að leggja það fyrir sig, og urðu þeir Ólafur góðir vinir. Bar aldrei skugga á þá vináttu þrátt fyrir margvíslegan ágreining um þjóðmál.²⁸ Ólafur lauk fyrri hluta prófi í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla vorið 1934 með hárra einkunn, 79 stigum. Hann var næsthæstur þeirra, sem prófinu luku, en hinn hæsti fékk 80 stig. Frammistaða Ólafs vakti athygli á heimaslóðum. „Er það ánægjulegt, er þessi ungi landi vor hefir unnið þjóð vorri sæmd með slíkum námsframa,“ skrifaði *Dagur* á Akureyri.²⁹ Ólafur kom aftur heim í leyfi sumarið 1935, og þá tók skólabróðir hans frá Akureyri, Sigurður Benediktsson, viðtal við hann í Morgunblaðið. Ólafur lauk lofsorði á danska námsmenn fyrir iðjusemi og sparneytni. Skaði væri að því, hversu lítið danskir og íslenskir stúdentar umgengjust. Þegar hann var spurður, hvert hann teldi hlutverk sérfræðinga eins og hann stefndi að því að verða, svaraði hann, að menntunin ætti „að gefa stúdentinum þá víðsýni, að hann geti jafnan skoðað hlutina eins og þeir eru í sjálfum sér og komið fram sem óhlutdrægur og heilbrigður gagnrýnandi“. Ólafur var spurður, hvað honum fyndist ævintýrlegast við stúðentalífið. „Aðstaðan til að afla sér þekkingar,“ svaraði hann án þess að hika og bætti við: „Hinn rómantíski stúdent, reifaður í vafurloga ævintýra og ásta, er ekki lengur til. Lífið kennir okkur að horfast í augu við bitran raunveruleikann.“³⁰

Á kreppeárunum virtist raunveruleikinn stundum vera bitur. Ólafur var ekki sósíalisti, þegar hann kom til Kaupmannahafnar haustið 1932,

en hann hreifst um skeið af sósíalísmannum. „Menn töldu, að einkaframtakið væri gjaldþrota, og litu til sósíalísmans,“ sagði hann, þegar hann rifjaði þessi ár upp. „Fjórði hver maður var líklega atvinnulaus, og á öllu „Strikinu“, frá Kóngsins nýja torgi til Ráðhússtorgsins, seldu menn svonefnt atvinnuleysingjablað, en það var í rauninni ekki annað en dulbúið betl, því að fæstir þeir, sem keyptu það, lásu það, flestir fleygðu því.“³¹ Þessi árin höfðu róttækir stúdentar í Kaupmannahöfn hist reglulega og haft með sér fræðsluhring. Í október 1936 stofnuðu þeir félag, sem þeir kölluðu Kyndil, og gekk um helmingur íslensku námsmannanna í borginni í það. Tilgangur félagsins var „að safna saman róttækum og frjálslyndum kröftum meðal íslenskra menntamanna í Kaupmannahöfn til þátttöku í þjóðfélags- og menningarmálum Íslendinga á grundvelli róttækrar umbótastefnu til sóknar gegn íhaldi og fasisma.“³² Fundir voru fyrsta kastið haldnir annan hvern sunnudag. Hélt þá einhver erindi, en síðan ræddu menn saman og fengu sér kaffisopa. Fyrsta mánuðinn voru haldin tvö fræðslunámskeið. Sverrir Kristjánsson leiðbeindi um sögulega efnishyggju og Ólafur Björnsson um hagfræði. Formaður var Hermann Einarsson, sem varð síðar virtur fiskifræðingur. Með honum í stjórn voru Ólafur Björnsson og Óskar Bjarnason, sem stundaði nám í efnaverkfræði og starfaði síðar hjá Atvinnudeild Háskólans. Á meðal annarra félaga í Kyndli voru Lárus Pálsson, þá leiklistarnemi, síðar alþekktur leikari, Sigurður Guðmundsson, síðar ritstjóri *Þjóðviljans*, Jakob Benediktsson, síðar fornfræðingur og þýðandi Kiljans á dönsku, og Dagný Ellingsen, sem lést ung.³³

Fyrstu árin í Kaupmannahöfn leigði Ólafur Björnsson hjá dönskum hjónum og var þar líka í fæði. En síðustu tvö árin í Höfn og hálfu betur bjó hann á dönskum stúdentagarði við Tagensvej. Hann vann ekkert með náminu fyrstu árin, en síðustu tvö árin útvegaði danskur skólabróðir honum hlutastarf á veitingastað. Þar var borðbúnaður þvegin upp í vélum, og var hlutverk Ólafs að setja í vélarnar og taka úr þeim aftur. Nokkrir aðrir stúdentar unnu þar, og fyrir vinnuna fengu þeir fullt fæði.³⁴ Ólafur var um það ólíkur mörgum öðrum Hafnarstúdentum, að hann umgekkst ekki síður danska skólabræður sína en íslenska. Margir þeirra urðu kunnir menn, meðal annarra Viggo Kampmann og Jens Otto Krag, sem báðir urðu leiðtogar jafnaðarmanna og forsætisráðherrar, og Knud B. Andersen, sem varð einnig jafnaðarmaður og ráðherra í dönsku ríkisstjórninni.³⁵ „Ég varð þess

var, fljótlega eftir að ég hóf mitt nám,“ sagði Klemens Tryggvason, „að hann naut virðingar kennara og samstúdenta sakir þekkingar sinnar og skarpskyggni.“³⁶ Árið 1937 stunduðu fjórir Íslendingar hagfræðinám í Kaupmannahafnarháskóla, auk Ólafs og Klemensar þeir Torfi Ásgeirsson og Gunnar Björnsson.³⁷ Umgekkst Ólafur aðallega Klemens, sem bjó síðasta ár hans í Kaupmannahöfn á sama stúdenta-garði.

Um þetta leyti og í tengslum við rannsóknir sínar í hagfræði kynntist Ólafur Björnsson tveimur verkum, sem höfðu mikil áhrif á hann. Annað þeirra var bókin *Die Gemeinwirtschaft* eftir austurríska hagfræðinginn Lúðvík von Mises, sem kom fyrst út árið 1922, en ensk þýðing hennar var gefin út 1936.³⁸ Helstu röksemdir sínar hafði Mises þegar sett fram í tímaritsgrein árið 1920.³⁹ Hann kvað miðstýrðan áætlunarbúskap eins og sósíalistar hugsuðu sér um þær mundir óframkvæmanlegan í þeim skilningi, að hann gæti aldrei náð tilgangi sínum. Mises leiddi rök að því, að nýting framleiðslutækjanna yrði þá og því aðeins hagkvæm, að á öllum afurðum fengi að myndast verð, sem veitti upplýsingar um kostnaðinn af hinum ýmsu möguleikum. Eina leiðin til að ná því marki væri á frjálsum markaði. Hvernig átti til dæmis að skera úr því, hvort hagkvæmara væri að leggja veg eða járnbraut milli tveggja staða? Eða hvort ætti að sá hveiti eða byggi í akur? Eða framleiða 10 lítra af vatni eða 10 lítra af víni? Óteljandi slíkum spurningum er svarað daglega á frjálsum markaði. En engin leið er til að svara þeim við miðstýrðan áætlunarbúskap. Starfsmenn miðstjórnarinnar kunna engin ráð til þess að reikna út kostnaðinn af hinum ýmsu möguleikum, sem í boði eru. Þeir geta borið saman magn, en þeir geta ekki mælt saman hagkvæmni ólíkra möguleika. Þeir geta ekki gefið ólíkum möguleikum peningagildi, ekki metið þá til fjár í einni og sömu einingu. „Ráðamenn í sameignarskipulagi verða að stýra fleyi sínu um hafsþjó hugsanlegra aðferða án þeirrar lífsnauðsynlegru leiðarstjörnu, sem verðmyndun á frjálsum markaði er,“ skrifaði Mises.⁴⁰

Eftir að einn lærisveinn von Mises, Friðrik Hayek, gerðist prófessor í Hagfræðiskólanum í Lundúnum (London School of Economics), kynnti hann sjónarmið Mises með enskumælandi þjóðum. Hann ritstýrði hinni bókinni, sem olli skoðanaskiptum Ólafs Björnssonar, greinasafninu *Collectivistic Economic Planning*, sem kom út 1935.⁴¹ Þar var ritgerð Mises frá 1920 birt, en einnig ýmsar aðrar ritgerðir

hagfræðinga, sem komist höfðu að sömu niðurstöðu. Einn þeirra var Hayek sjálfur, sem beindi aðallega sjónum að því, hvernig unnt væri að nýta þekkingu, kunnáttu og vitneskju ólíkra einstaklinga. En sósíalistar í röðum hagfræðinga svöruðu Mises með því að viðurkenna, að ekki yrði komist af án markaðar. Pólski hagfræðingurinn Oskar Lange brá í ritgerðum 1936–1937 upp mynd af eins konar markaðs-sósíalisma, þar sem verð stillti saman framboð og eftirspurn á öllum sviðum framleiðslu og seljendur vöru og þjónustu kepptu hverjir við aðra, en öll framleiðslutæki (sjálft fjármagnið) væru í sameign. Kvað Lange sósíalista eiga að gera höggmynd af von Mises og setja hana upp í bækistöðvum áætlunarráðsins, því að hann hefði gert forystumönnum öreiganna þann greiða að minna þá á hlutverk verðmyndunar.⁴² Mises og Hayek sögðu á móti, að í hagkvæmu hagkerfi væri aðalatriðið ekki frjáls verðmyndun á neysluvöru, heldur á fjármagni, á sjálfum framleiðsluöflunum. Það yrði að komast í frjálsum viðskiptum í hendur þeirra, sem best kynnu með það að fara. Fjármagnseigendur og framkvæmdamenn, kapítalistar og frumkvöðlar, gegndu nauðsynlegu hlutverki til að tryggja framþróun og betrubætur, en markmið allra sósíalista væri á hinn bóginn að koma fjármagninu í hendur ríkisins. Þeir Mises og Hayek bentu líka á, að við miðstýrðan áætlunarbúskap yrði ríkið að taka í þjónustu sína ýmis mótunaröfl mannsálarinnar til að fækka þörfum fólks og einfalda þær, svo að auðveldara yrði að fullnægja þeim. Þar myndi því frelsi borgaranna til að velja og hafna verða skert. Til að skipuleggja atvinnulífið þyrfti að skipuleggja mennina.

„Ólafur hefur verið frjálshyggjumaður allar götur síðan á háskólaárum sínum,“ sagði Klemens Tryggvason. „Ég man, að hann talaði oft um skoðanir austurríska hagfræðingsins Ludwig von Mises, sem hann hafði miklar mætur á.“⁴³ Veturinn 1937–1938 skrifaði Ólafur lokaritgerð sína í hagfræði. Aðalleiðbeinandi hans var Carl Iversen, sem var eindreginn frjálshyggjumaður.⁴⁴ Þennan vetur Ólafs í Kaupmannahöfn kom Klemens oft til hans: „Ég varð þá vitni að því, að aðalprófrítgerð Ólafs — mikið ritverk um mjög flókið viðfangsefni — varð til, án þess að hann gerði uppkast að henni og án þess, að hann þyrfti að gera teljandi leiðréttingar í frumhandriti sínu.“⁴⁵ Eftir að Ólafur brautskráðist sem cand. polit. í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla í júní 1938 með hárrí 1. einkunn, hélt hann heim til Íslands.

Hagfræðingur og áhugamaður um stjórnmál: 1938–1944

Þegar Ólafur Björnsson sneri heim til Íslands sumarið 1938, sat að völdum minnihlutastjórn Framsóknarflokksins undir forsæti Hermanns Jónassonar, en Alþýðuflokkurinn hafði gengið úr stjórninni þá um vorið. Þjóðin var fátæk, verg landsframleiðsla á mann miklu minni en í Danmörku, erfiðleikar í sjávarútvegi og ójafnvægi í hagkerfinu, sem reynt var að leysa með höftum. Fyrstu mánuðina eftir heimkomuna vann Ólafur í endurskoðunardeild Landsbankans, en varð síðan aðstoðarmaður og síðar fulltrúi á Hagstofunni, til 1942. Hvort tveggja var, að Ólafur hafði tekið mjög gott próf í Kaupmannahöfn og var nákvæmur og samviskusamur starfsmaður, en ekki spillti fyrir, að Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri hafði verið bekkjarbróðir séra Björns Stefánssonar, föður Ólafs, í menntaskóla. Urðu þeir Ólafur og Þorsteinn góðir vinir, og kom Ólafur oft á heimili Þorsteins.⁴⁶ Á útmánuðum 1939 hóf Ólafur einnig stundakennslu í hagfræði í Viðskiptaháskólanum í Reykjavík, sem stofnaður hafði verið haustið áður. Var skólinn í upphafi einkum ætlaður þeim, sem hugðust starfa á sviði utanríkisviðskipta, og veitti Steinþór Sigurðsson, kennari í stærðfræði og eðlisfræði í Menntaskólanum í Reykjavík, honum forstöðu. Voru í fyrsta árgangnum 10 nemendur, og var lögð áhersla á málanám. Kennsla fór fyrsta árið fram í Íþöku, húsi Menntaskólans í Reykjavík.⁴⁷ Ólafur varð þó ekki fyrsti fasti kennarinn í skólanum. Sumarið 1939 hafði Gylfi Þ. Gíslason verið ráðinn stundakennari í rekstrarhagfræði eftir próf í þeirri grein að loknu þriggja ára námi í Frankfurt-háskóla í Þýskalandi. Kona Gylfa, Guðrún Vilmundardóttir, var dóttir Kristínar, móðursystur Ólafs. Veturinn 1939–1940 fór kennsla í Viðskiptaháskólanum fram í húsi atvinnudeildar Háskóla Íslands, en veturinn 1940–1941 var hún haldin í aðalhúsi Háskólans. Gylfi var skipaður dósent í Viðskiptaháskólanum 1940, en Ólafur var áfram stundakennari. Vorið 1941 var Viðskiptaháskólinn með lögum sameinaður lagadeild Háskóla Íslands, og voru fyrstu viðskiptafræðingarnir með cand. oecon. próf brautskráðir frá Háskólanum vorið 1941.

Vorið 1939 myndaði Hermann Jónasson samstjórn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem kölluð var þjóðstjórnin. Felldi hún gengið til að auðvelda sjávarútveginum leikinn og reyndi að búa

landið undir ófrið þann í Norðurálfunni, sem virtist vera á næsta leiti og skall raunar á í septemberbyrjun. Eftir að Bretar hernámu landið 10. maí 1940, hvarf þrálátt atvinnuleysi kreppuáranna eins og dögg fyrir sólu, en jafnframt myndaðist þensla á vinnumarkaði. Alþýðuflokkurinn gekk úr stjórninni í ársbyrjun 1942 til að mótmæla opinberum afskiptum af kjarasamningum. Um vorið sprakk síðan samstarf fram-sóknarmanna og sjálfstæðismanna, þegar Sjálfstæðisflokkurinn samdi við Alþýðuflokk og Sósíalistaflokk um leiðréttingar á kjördæmaskipaninni. Ólafur Thors myndaði minnihlutastjórn. Að ósk laga- og hagfræðideildar setti menntamálaráðherrann í hinni nýju stjórn, dr. Magnús Jónsson prófessor, Ólaf dósent í deildinni 27. júní 1942, og lét Ólafur þá af störfum á Hagstofunni.⁴⁸ Háskólinn var síðan vinnustaður Ólafs alla hans starfsævi. Tveir kennarar voru í fullu starfi í viðskiptafræði í Háskóla Íslands fyrstu árin, Ólafur og Gylfi Þ. Gíslason. Kenndi Ólafur þjóðhagfræði, haglýsingu Íslands, fjármálafræði og félagsfræði, en Gylfi rekstrarhagfræði og skyldar greinar. Gaf Ólafur fljótlega út fjölritaðar kennslubækur.⁴⁹ Kennarar lagadeildar önnuðust kennslu í lögfræði, en lektorar í heimspekideild sáu um tungumálakennslu. Ólafur kenndi einnig í nokkur ár eftir heimkomuna hagfræði og félagsfræði á kvöldin í námsflokkum Reykjavíkur.⁵⁰

Ekki voru um þær mundir margir lærðir hagfræðingar á Íslandi, og þótti mörgum fengur að kynnast sjónarmiðum Ólafs Björnssonar. Hélt hann ræður á mannamótum og flutti útvarpserindi, en skrifaði líka greinar um hagfræði og stjórnmál í blöð, meðal annars í *Vikuna*, sem skólabróðir hans frá Akureyri, Sigurður Benediktsson, ritstýrði, *Eimreiðina* og *Frjálsa verslun*, sem annar skólabróðir frá Akureyri, Einar Ásmundsson, ritstýrði.⁵¹ Ólafur kynnti í *Frjálsri verslun* og endursagði kenningar þeirra Lúðvíks von Mises og Friðriks Hayeks fyrir því, að við sósíalisma fengju lýðræði og einstaklingsfrelsi vart þrífist og að fasismi og kommúnismi væru tvær greinar af sama meiði:

Aðalatriðið er mjög einfalt. Það er, að við viðtæka skipulagningu er ætíð gert ráð fyrir, að menn þurfi að vera alveg sammála um hin mismunandi verðmæti og þýðingu hinna ýmissu markmiða, sem barist er um í þjóðfélagsmálunum. Af þessu leiðir, að þeir, sem skipuleggja, verða að halda að almenningi ákveðnum skoðunum, sem þeim hæfa.⁵²

Hann skrifaði líka um Adam Smith, leiddi rök að því, að viðskipta-frelsi væri ekki sérhagsmunamál atvinnurekenda og að samvinnufyrirtæki fengju þrífist innan samkeppnisskipulagsins, þótt misráðið væri að valdbjóða þau eða ívilna þeim. Einnig andmælti hann hugmyndum um innflutningsverslun ríkisins í líkingu við þá, sem rekin hafði verið í heimsstyrjöldinni fyrri.⁵³ Ólafur skrifaði enn fremur gegn sósíalisma í *Samtíðina*.⁵⁴

Smám saman varð *Morgunblaðið* aðalvettvangur Ólafs Björnssonar, og var svo alla tíð. Ein fyrsta grein Ólafs í *Morgunblaðinu* birtist í ársbyrjun 1941, og varaði hann þar við víxlverkun kaupgjalds og verðlags. Kvað þar við sama stef og í mörgum greinum hans síðar, að tilgangslaust væri að knýja fram kauphækkarnir umfram getu atvinnuveganna, því að það hefði aðeins í för með sér verðbólgu.⁵⁵ *Þjóðviljinn* réðst óðar á þennan „hagfræðing afturhaldsins“, sem ekki vildi hækka kaup alþýðu manna.⁵⁶ Um þær mundir var hreyfing ráðstjórnarvina öflug á Íslandi. Árið 1942 kom út á íslensku bókin *Undir ráðstjórn* eftir Hewlett Johnson, dómprófast í Kantaraborg, og hélt höfundur þar því fram, að í Ráðstjórnarríkjunum væri hið eina sanna lýðræði, því að þar réði verkalýðurinn yfir framleiðslutækjunum. Þetta varð Ólafi til efni til að skrifa tvær greinar í *Morgunblaðið* um, hvort sósíalismi og lýðræði gætu farið saman. Ólafur benti á, að aðeins fengi einn flokkur að bjóða fram þar eystra, og myndi það á Íslandi þykja ófullkomið lýðræði. Johnson dómprófastur hefði líka rangt fyrir sér um það, að forsendur hagsmunabaráttunnar og um leið stjórnmalabaráttunnar hyrfu við sósíalisma: „Nei, grundvöllur hagsmunabaráttu milli mismunandi atvinnustétta er fyrir hendi undir hvaða þjóðskipulagi sem er, meðan við ekki lifum í Slæpingjalandi, þar sem steiktar gæsir fljúga mönnum í munn þeim að fyrirhafnarlausu.“ Ólafur benti einnig á ýmis vandkvæði á miðstýringu, sem sósíalistar myndu reyna að leysa með því að takmarka frjálsa skoðanamyndun.⁵⁷

Greinum Ólafs Björnssonar var illa tekið í blöðum jafnaðarmanna og sósíalista. *Alþýðublaðið* kvaðst ekki trúa hagfræði Ólafs. Hefðu Kveldúlfsmenn sett hann í embætti.⁵⁸ *Þjóðviljinn* skrifaði: „En menn hlýtur að reka í rogastans yfir þeim dæmalaus hugtakaruglingi, sem þessi hagfræðingur gerir sig sekan um í grein sinni.“⁵⁹ Ólafur svaraði fullum hálsi og benti á, að miklu erfiðara væri að gera greinarmun á kapitalista og öreiga en á dögum Marx. Maður, sem ætti milljón inni á banka, en ynni samt í Bretavinnunni, væri talinn öreigi, jafnvel þótt

bankinn lánaði síðan peningana útgerðarmanni til að geta ávaxtað þá. En maður, sem ætti kot inni í afdal, væri hins vegar talinn kapítal-isti, hefði hann ungling til snúninga.⁶⁰ Þá skrifaði *Þjóðviljinn*: „Hann talar um sósíalisma eins og reykvísk yfirstéttarfrú, sem gengið hefur á vikukúrsus í þjóðfélagsfræði í sjálfstæðiskvennafélaginu Hvöt.“⁶¹ Ólafur lét sér hvergi bregða:

Ég vil strax taka það fram, að það þýðir ekkert að ætla sér að blanda Sjálfstæðisflokknum, Kveldúlfí eða sjálfstæðiskvennafélaginu Hvöt inn í þessar deilur. Fyrst og fremst er það ekki satt, að ég sé háður neinum stjórn-mála- né hagsmunasamtökum, og jafnvel þótt svo væri, yrðu skoðanir mínar ekki hraktar á þeim grundvelli.⁶²

Morgunblaðið varði Ólaf: „Greinar Ólafs Björnssonar voru ádeilulaus-
ar með öllu. Hann tók málefnið til meðferðar og ræddi það svo skýrt
og skilmerkilega, að það lá ljóst fyrir hverjum manni.“⁶³ Haustið 1942
skrifaði Ólafur aftur um verðbólgu í *Morgunblaðið*. Taldi hann stríðs-
gróðaskatt ekki til þess fallinn, að hún hjaðnaði.⁶⁴ Nú var verðbólga ein-
mitt orðin aðaláhbyggjuefnið á Íslandi. Mikil þensla var á vinnumarkaði
allt árið 1942. Sósíalistar voru áhrifamiklir í verkalyðshreyfingunni og
herskáir, og unnu þeir sigra í tvennum þingkosningum á árinu, sumar
og haust 1942. Ólíkt því, sem gerðist á öðrum Norðurlöndum, urðu
þeir öflugri en jafnaðarmenn. Eftir að kjördæmaskipaninni hafði verið
breytt þá um haustið, tókst ekki að mynda meirihlutastjórn, og var þá
skipuð utanþingsstjórn undir forsæti dr. Björns Þórðarsonar.

Ólafur Björnsson tók aftur upp þráðinn frá von Mises og Hayek
sumarið 1943 í blaðagreinum um „Þjóðnýtingu og þegnlegt jafn-
rétti“. Spurði hann: „Eru líkur á, að minni misbeiting hagvaldsins og
hins pólitíska valds ættu sér stað, þegar valdhafarnir hefðu aðstöðu til
þess að ákveða sjálfir, hve mikla gagnrýni gerða sinna þeir leyfðu?“⁶⁵
Morgunblaðið kunni vel að meta sjónarmið Ólafs og skrifaði í leið-
ara: „Hafa greinar hans jafnan verið lesnar með óskiptri athygli, enda
eru þær rökfastar og skilmerkilegar og lausar við alla áreitni.“⁶⁶ En
blaðið var áreiðanlega ekki eins ánægt með afstöðu hins unga hag-
fræðings í öðru máli, fyrirhuguðum sambandsslitum við Dani. Bjarni
Benediktsson, lagaprófessor og borgarstjóri, hafði sett fram þá kenn-
ingu þegar árið 1940, að við hernám Danmerkur þá um vorið hefðu
Danir orðið ófærir um að framfylgja sambandslagasáttmálanum frá
1918, og væru Íslendingar því óbundnir af honum.⁶⁷ Giltu þá einu, að

vanefndir Dana væru ekki að vilja þeirra sjálfra, heldur vegna hernámsins. Bjarni var nú orðinn handgenginn Ólafi Thors, formanni Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra minnihlutastjórnarinnar, sem mynduð hafði verið vorið 1942. Ætluðu þeir Ólafur og Bjarni að hraða lýðveldisstofnun í stað þess að bíða eftir því, að sambandslagasáttmálinn kæmi til endurskoðunar eftir 25 ár, árið 1943.⁶⁸ Þótt langflestir Íslendingar vildu slíta sambandslagasáttmálanum, eftir að þess væri kostur 1943, sættu fyrirætlanir þeirra Ólafs og Bjarna um tafarlausan aðskilnað án nokkurs samráðs við Dani hins vegar nokkurri andstöðu innan lands. Gylfi Þ. Gíslason varð einna fyrstur til að hreyfa andmælum við aðskilnaði í útvarpserindi í apríl 1942. Einnig hafði Hannibal Valdimarsson skrifað í sama anda í *Skutul* á Ísafirði þegar árið 1941, en fáir veitt því athygli.⁶⁹

Ólafur Björnsson var sammála Gylfa Þ. Gíslasyni, en vissi ekki af skrifum Hannibals Valdimarssonar. Þeir Ólafur og Klemens Tryggvason voru þá báðir einhleypir, og fóru þeir í sumarleyfi austur á Kirkjubæjarklaustur í nokkra daga sumarið 1942. Þá ræddi Ólafur málið við Klemens. „Við vissum um marga áhrifamenn, sem töldu þessa meðferð sambandsmálsins mikið óráð, en þeir voru ófúsir á að ganga fram fyrir skjöldu, og lítið samband var milli þeirra,“ sagði Klemens.⁷⁰ Þegar þeir sneru aftur til Reykjavíkur, söfnuðu þeir undirskriftum 60 áhrifamanna undir áskorun til Alþingis um að fresta sambandsslitum. Voru margir þjóðkunnir menn í hópnum, þar á meðal Árni Pálsson prófessor, Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur, dr. Björn Þórðarson lögmaður (sem varð forsætisráðherra utanþingsstjórnarinnar skömmu síðar), Helgi Guðmundsson bankastjóri, Sigurður Nordal prófessor, Tómas Guðmundsson skáld og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri. Hinn 17. ágúst gengu þeir Klemens Tryggvason, Árni Pálsson og Helgi Guðmundsson á fund Ólafs Thors forsætisráðherra og skýrðu honum frá áskoruninni.⁷¹ Forsætisráðherra mæltist eindregið til þess, að áskorunin yrði ekki birt opinberlega. Þótt hann segði gestum sínum ekki frá því, átti hann þá í viðræðum við Bandaríkjamenn, sem tekið höfðu að sér hervernd Íslands sumarið 1941, um viðurkenningu á fullu sjálfstæði Íslands. Bandaríkjamenn vildu ekki styggja Dani um of og höfðu gert Ólafi orð þegar í júlí 1942 um að fresta lýðveldisstofnun samkvæmt ákvæðum um 25 ára gildistíma sambandslagasáttmálans, og skyldu þeir þá viðurkenna lýðveldið. Taldi Ólafur Thors sig ekki eiga annars úrkosti en verða við beiðni Bandaríkjamanna,

þótt hann kynni að skaðast á því innan lands. Áskorun þeirra Ólafs Björnssonar og félaga hafði því engin áhrif á það, að Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson hættu við sambandsslit árið 1942.⁷²

Þrátt fyrir annasamt starf og baráttu gaf Ólafur Björnsson sér um þessar mundir tíma til að kynnast stúlku, sem hann trúlofaðist vorið 1943.⁷³ Guðrún Aradóttir var þá 25 ára að aldri. Hún fæddist á Ytra-Lóni á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu 29. júní 1917. Foreldrar hennar voru Ari Helgi Jóhannesson, kennari og söngstjóri, og kona hans, Ása Margrét Aðalmondardóttir. Guðrún átti fjögur systkini, sem upp komust, Þóru, Jóhannes, Þorstein og Jón. Hún ólst upp með foreldrum sínum og systkinum á Ytra-Lóni og síðan á Þórshöfn, þegar fjölskyldan fluttist þangað 1930. Árið 1935 færði fjölskyldan sig um set og nú til Reykjavíkur, og gekk Guðrún þar í Kvennaskólann ásamt systur sinni Þóru. Guðrún var fríð sýnum og sat um skeið fyrir hjá Gunnlaugi Blöndal listmálara, en hún starfaði á Skattstofunni, þegar þau Ólafur kynntust. „Hún var vel gefin, skýr og skemmtileg, var alltaf jákvæð og horfði jafnan á björtu hliðar lífsins. Hún hafði lært að spila á orgel hjá föður sínum, var þar að auki með fagra söngrödd og hafði mikinn áhuga á tónlist,“ skrifaði einn frændi hennar.⁷⁴ Guðrún söng í *Sköpuninni* eftir Haydn, sem Páll Ísólfsson stjórnaði og flutt var í Iðnó í desember 1939, og í *Messíasi* eftir Händel, sem Viktor Urbantschitsch stjórnaði og flutt var í desember 1940. Árið 1941 söng hún einnig ásamt systur sinni í Iðnó í söngleiknum *Nitouche*, sem frumsýndur var 20. febrúar og naut mikilla vinsælda, en í nóvemberlok höfðu 20 þúsund manns séð hann.⁷⁵ Var verkið á fjöllum Iðnós fram á árið 1942. Þau Ólafur voru gefin saman í Háskólakapellunni 25. júní 1943. Föðurbróðir Guðrúnar, séra Þorsteinn Jóhannesson, prófastur í Vatnsfirði, framkvæmdi hjónavígsluna.⁷⁶

Ólafur Björnsson var ekki fyrr kvæntur en ný barátta hófst gegn lýðveldisstofnun í brád. Þótt deilunni um sambandsslit árið 1942 væri nú lokið vegna íhlutunar Bandaríkjastjórnar, fannst mörgum menntamönnum, sem var hlýtt til Dana, oft eftir skólagöngu í Kaupmannahöfn, óheppilegt og jafnvel ódrengilegt að skilja við sambandsþjóðina, á meðan hún væri hernumin og ekki kostur neins samráðs við hana, eins og gert hafði verið ráð fyrir í sambandslagasáttmálanum. Þeir kölluðu sjálfa sig „lögskilnaðarmenn“, en andstæðinga sína „hraðskilnaðarmenn“, þótt þær nafngiftir væru með nokkrum áróðursblæ og hefðu ef til vill frekar átt við um deiluna 1942 um van-



Ólafur kvæntist Guðrúnu Aradóttur 25. júní 1943. Þau eignuðust þrjá syni, Ara Helga lækni, Björn Gunnar stjórnmálahagfræðing og Örnólf Jónas, heimspeking og kerfisfræðing.

efndakenningu Bjarna Benediktssonar. Haustið 1943 sendu 270 kjósendur, flestir kunnir menntamenn, Alþingi áskorun um að ganga ekki frá sambandsslitum við Dani að óbreyttum aðstæðum, og var þá átt við hernám Danmerkur, en væntanlega líka hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi, þótt umsamin væri. Undirskrifendur voru margir hinir sömu og undir áskorunina 1942. Nú brá svo við, að Ólafur Björnsson og félagar áttu í erfiðleikum með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, því að þeir voru á öndverðum meiði við alla flokkana nema ef til vill Alþýðuflokkinn, sem átti lítið undir sér. *Alþýðublaðið* varð eina blaðið til að birta áskorun þeirra, og útvarpið var þeim lokað, enda var því

stjórnað af fulltrúum stjórnmalaflokkanna.⁷⁷ Forystumenn hreyfingarinnar gáfu þess vegna út á eigin kostnað fjórtán greinar undir heitinu *Astandið í sjálfstæðismálinu*, og kom bókin út 8. nóvember 1943.⁷⁸ Þar kvað Sigurður Nordal Alþingi klæðast ljónshúð frægustu foringja sjálfstæðisbaráttunnar og búast til baráttu við Dani: „En væri ekki betur viðeigandi, að sú Íslandsglíma færi ekki fram 17. júní, heldur á afmælisdag Adolfs Hitlers, sem vér eigum hvort sem er allar „vanefndir“ Dana að þakka?“⁷⁹ Í grein sinni í bókinni sagði Ólafur Björnsson sambandsslit án samráðs við Dani vera ódrengileg eins og á stæði, auk þess sem sýna bæri konungi, sem verið hefði þjóðhöfðingi Íslendinga í aldarfjórðung, fulla kurteisi og virðingu.⁸⁰

Í lok nóvember 1943 sendu 14 forystumenn hreyfingarinnar, þar á meðal þeir Ólafur Björnsson og Klemens Tryggvason, bréf til formanns stjórnarskrárnefndar Alþingis. Þar gerðu þeir tillögur um málsmæðferð sambandsslita, sem hefði haft í för með sér nokkra töf þeirra, og kváðust gera ágreining opinberlega, yrði ekki á þá hlustað. „Vér munum telja það siðferðilega skyldu vora að leggja málstað vorn fyrir alþjóð Íslendinga, svo að atkvæðagreiðsla um málið verði sem sönnust skýrsla um vilja þjóðarinnar.“⁸¹ Ekki var þó á þá hlustað, enda nutu sjónarmið þeirra takmarkaðrar samúðar alþýðu manna, svo að ekki sé minnst á stjórnmalamenn. Þeir Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson og fleiri héldu því fram, að Íslendingar yrðu að hafa óbundnar hendur í stríðslok. Ekki væri að vita, hvernig afstöðu Danmerkur til annarra landa yrði þá háttað. Alþingi samþykkti í febrúar 1944 niðurfellingu sambandslaganna og í mars nýja stjórnarskrá, og skyldi hvort tveggja borið undir þjóðaratkvæði. Atkvæðagreiðslan fór fram 20.–23. maí 1944. Atkvæði greiddu 98,6% kjósenda. Með uppsögn sambandslaganna greiddu atkvæði 97,4%, en 0,5% á móti. Með lýðveldisstofnun og stjórnarskránni greiddu atkvæði 95,0%, en á móti 1,4%. Alþingi staðfesti síðan niðurfellingu sambandslaganna og stofnun lýðveldis 16. júní, og var haldin hátíð í slagviðri á Þingvöllum 17. júní og forseti kosinn í stað konungs. Ólafur Björnsson sótti ekki lýðveldishátíðina, heldur sat þennan dag að spjalli heima hjá móðursystur sinni, Kristínu Ólafsdóttur, og manni hennar, Vilmundi Jónssyni landlækni. Eiginkona hans, Guðrún Aradóttir, var hins vegar á Þingvöllum, því að hún söng þar í kór. „Þetta er eitthvert versta veður, sem ég hef verið úti í,“ sagði hún. „Það gekk á með krapahrið, og það var hræðilega kalt. Samt var þetta ógleymanleg stund.“⁸²

Hannibal Valdimarsson var nánast eini maðurinn, sem hélt fram á síðasta dag uppi andófi gegn stjórnarskránni 1944. Nokkrum dögum eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna sendi Ólafur Björnsson honum bréf, og sagði þar meðal annars:

Ég býst við, að það veki undrun yðar, að yður ókunnur maður skuli taka sig til og skrifa yður bréf, en tilefni þessara lína er það að vegna þess aðkasts, sem ég tel víst, að þér hafið orðið fyrir vegna afstöðu yðar í sambands- og lýðveldismálinu, tel ég rétt, að þér verðið einnig varir við, að til eru menn, sem líta öðrum augum á þetta og þora að kannast við það, og meðal þeirra margir — og þar á meðal ég — sem ekki eru pólitískir samherjar yðar að öðru leyti. ... Ég er heldur ekki viss um það, að einlæg sjálfstæðisþrá hafi vakað fyrir þeim aðilum, er staðið hafa í fylkingarbrjósti hraðskilnaðarliðsins, en það eru kommúnistar og klíka þeirra manna í Sjálfstæðisflokknum, er undanfarið hafa matað [svo] krókinn á Ameríkuviðskiptum. ... Margir áhrifamenn í hraðskilnaðarliðinu hafa heldur ekki farið dult með það, að norræn samvinna sé eitur í þeirra beinum og þeir séu andvígir þátttöku Íslendinga í henni. Ég tel því fulla ástæðu til þess, að efnt sé til samtaka milli þeirra manna, sem vilja áframhaldandi samvinnu Íslendinga og hinna Norðurlandþjóðanna, en staðið sé í móti hinum rússnesku og amerísku áhrifum, sem nú vaða uppi í þjóðfélaginu.⁸³

Hér kom upp í Ólafi Björnssyni sama andófseðli og í langafabróður hans, Magnúsi Eiríkssyni guðfræðingi. Múgurinn skyldi ekki beygja manninn. Ólafur var einnig eins og margir aðrir menntamenn á þeirri tíð hrifnari af norrænni samvinnu en auknum tengslum við engilsaxnesku stórveldin á Norður-Atlantshafi, þótt hann gerði sér grein fyrir því síðar, að í varnar- og öryggismálum ættu Norðurlandþjóðirnar ekki samleið, eins og kom í ljós í misheppnaðri tilraun til að stofna norrænt varnarbandalag 1948, og átti Ísland þó ekki einu sinni að fá aðild að því.⁸⁴

Dósent öðrum lengur: 1944–1948

Ólafur Björnsson gekk í Sjálfstæðisflokkinn haustið 1944, og hafði skólabróðir hans, Einar Ásmundsson lögfræðingur, milligöngu um það. Hafði Ólafur ekki viljað ganga í flokkinn fyrr vegna andstöðu sinnar við stefnu flokksins í sambandsmálinu.⁸⁵ Þetta sama haust myndaði Ólafur Thors samstjórn Sjálfstæðisflokks, Sósíalistaflokks

og Alþýðuflokks, sem kölluð var nýsköpunarstjórnin, því að hún setti sér það mark að nota hinar miklu gjaldeyristekjur, sem safnast höfðu saman á stríðsárunum, til að kaupa ný atvinnutæki, aðallega í sjávarútvegi, en líka í öðrum greinum atvinnulífsins. Nú var líka ljóst, að stríðinu var að ljúka með sigri Bandamanna, og veltu margir fyrir sér, hvað þá tæki við. Árið 1944 kom út í Bretlandi bókin *Leiðin til ánauðar* eftir Friðrik Hayek. Hún vakti þegar harðar deilur, því að Hayek hélt þar því fram, að sósíalisminn, jafnvel í þeirri mynd, sem jafnaðarmenn hefðu hugsað sér hann, leiddi til alræðis, kúgunar og eymdar. Fasismi og kommúnismi væru náskyldar stefnur: Fasisminn hefði í rauninni verið sósíalismi miðstéttarinnar, eftir að frjálshyggja nítjándu aldar hefði víða liðið undir lok. Útdráttur úr bók Hayeks birtist í hinu víðlesna bandaríska tímariti *Reader's Digest* í apríl 1945, og þannig náði höfundur til miklu fjölmennari lesendahóps en ella, enda var útdrátturinn haglega gerður af ritsnillingnum Max Eastman. Í Reykjavík las ungur maður þennan útdrátt með athygli. Hann var Geir Hallgrímsson, sem var að ljúka fyrsta ári í lögfræði, sonur Hallgríms Benediktssonar, heildsala, bæjarfulltrúa í Reykjavík og stjórnarmanns í Árvakri, útgáfufélagi *Morgunblaðsins*. Geir var í ritstjórn sérstakrar síðu, sem ungir sjálfstæðismenn héldu úti í *Morgunblaðinu*. Í lagadeildinni sótti Geir námskeið í hagfræði hjá Ólafi Björnssyni, og leitaði hann nú til kennara síns um að þýða útdráttinn, og varð Ólafur fúslega við því og minntist ekki á neina greiðslu.⁸⁶ Fyrsti hlutinn birtist í *Morgunblaðinu* 21. júlí 1945 ásamt inngangi eftir Ólaf. Birtust næstu vikur 11 kaflar úr útdrættinum á æskulýðssíðu *Morgunblaðsins*, allt fram til 29. september. Málgögn Sósíalistaflokksins og Alþýðuflokksins, *Þjóðviljinn* og *Alþýðublaðið*, brugðust ókvæða við, og urðu harðar deilur um boðskap Hayeks næstu vikur og mánuði.

Deilurnar á Íslandi um áætlunarbúskap áttu sér hliðstæður í umræðum annars staðar á Norðurlöndum á sama tíma um það skipulag, sem rísa ætti eftir stríð.⁸⁷ Það var því að vonum, að ungur hagfræðingur, nýkominn frá Svíþjóð og virkur í Sósíalistaflokknum, Jónas H. Haralz, tæki til andsvara við boðskap Friðriks Hayeks og Ólafs Björnssonar. Setti hann fram ýmis efnisleg rök gegn boðskap Hayeks. Hann taldi Hayek vanmeta þá frelsisskerðingu, sem fælist í aðstöðumun launþega og vinnuveitenda á markaði. Hayek gerði líka sósíalistum á Vesturlöndum upp skoðanir að sögn Jónasar. Þeir ætluðu ekki að taka upp miðstýrðan áætlunarbúskap, heldur þjóðnýta ýmsar at-

vinnugreinar, sem mikilvægar væru til að stjórna fjárfestingu. Jónas kvað Sjálfstæðisflokknum ráðlegt að finna sér annan spámann en Hayek, til dæmis þá Beveridge eða Keynes.⁸⁸ Samherjar Jónasar í Sósíalistaflokknum voru ekki eins kurteisir. Þeir kölluðu *Leiðina til ánaugar* „ómerkilega bókarskruddu“. Nú hefði Jónas tekist á hendur „að hrekja þennan Morgunblaðsvald og sýna fram á hina ósvífnu staðreyndafölsun þessa andlega líks“.⁸⁹ Í leiðara *Þjóðviljans* var skrifað, að *Morgunblaðinu* gæti orðið hált á því að taka upp boðskap Hayeks um dreifingu valds. Væri ekki valddreifing að taka togarana af örfáum eigendum og láta þá í hendur fjölmönnum bæjarfélögum? Tæknin krefðist líka stærri eininga. Er ekki laust við, að heyra megi bergmál úr *Kommúnistaávarpinu* í leiðaranum:

Dreifing valdsins í atvinnulífinu, framkvæmd með eignarrétti margra smárra eigenda, er hlutur, sem tilheyrir því liðna. Þróun tækninnar, sem útrýmdi róðrabátunum og litlu smiðjunum, en setur togara og stálsmiðjur nútímans í stað, afnemur þessa dreifingu valdsins í atvinnulífinu jafnvægðarlaust og þróunin í vopnaframleiðslunni útrýmir sverðunum og setur atómsprengju í staðinn. Og það mun jafnvonlaust fyrir Morgunblaðið og spámann þess, fátalínginn Hayek, að ræða við Bandaríkjastjórn um að skipta á atómsprengju og harakiri-sverði Japaná eins og að ræða við Standard Oil um að láta nú hvern einstakan bónda fara að bora út af fyrir sig á sínu litla olíusvæði og flytja svo olíuna á tunnum á hestvagni í staðinn fyrir í olíuleiðslunum miklu.⁹⁰

Blaðið herti á nokkrum dögum síðar og sagði: „Vinnuveitendurnir verða færri og stærri, launþegarnir fleiri, og launþegarnir eiga atvinnu sína og afkomu að öllu leyti undir geðþótta vinnuveitendanna. Það þarf heims-viðundur eins og Hayek til að mótmæla þessu, eða kannski það nægi landsviðundur eins og Ólafur Björnsson.“⁹¹

Ólafur Björnsson svaraði athugasemdum Jónasar H. Haralz skilmerkilega í *Morgunblaðinu*. Hann kvað Hayek ekki hafa skrifað fræðilegt verk, heldur stjórnmálarit. Hann væri ekki að bera saman miðstýrðan áætlunarbúskap annars vegar og fullkomið samkeppniskipulag hins vegar, heldur að vara við þeirri þróun í stjórnmálum, sem orðið gæti við það, að horfið væri frá séreignarrétti og dreifingu valds á Vesturlöndum, en tekin upp ríkisforsjá og víðtæk skipulagn-ing atvinnulífsins. Í hagkerfi eins og sósíalistar hugsuðu sér tækju aðeins örfáir menn ákvarðanir um nýtingu framleiðslutækjanna. En til dæmis væru á Íslandi um 10 þúsund sjálfstæðir atvinnurekendur, þar af tæplega 4.300 einyrkjar. Ólafur kvað líka óvíst, að tækniþróunin

leiddi óhjákvæmilega til einokunar í stað samkeppni. Á dögum Marx hefði til dæmis litið út fyrir, að járnbrautir myndu lenda í höndum auðhringa. En nú hefðu bílar hnekkst þeirri einokunaraðstöðu. Rafmagníð hefði líka auðveldað litlum iðnfyrirtækjum leikinn. Hafa yrði í huga, að ríkið hefði oft stuðlað að einokun, til dæmis með tollmúrum og öðrum viðskiptatálmunum og margvíslegum stuðningi við hagsmunasamtök, sem vildu takmarka samkeppni. Aðalatriðið væri, að samkeppnin fengi að þrífast neytendum til hagsbóta á þeim sviðum, þar sem skilyrði væru fyrir henni. Þótt Jónas H. Haralz teldi möguleika á lýðræðislegri áætlanagerð, væri gallinn sá, að þá væri ekki nýtt sú þekking, sem dreifðist nú á hina fjölmörgu eigendur atvinnutækjanna. Ólafur vísaði því á bug, að Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti einhvern einn spámann, hvort sem hann hétí Keynes, Beveridge eða Hayek. Hann gæti nýtt sér það, sem nýtilegt væri úr kenningum Keynes og Beveridges, „þótt almenningi hafi verið gefinn kostur á að kynnast hinni rökföstu gagnrýni próf. Hayeks á sósíalismanum“.⁹² Ólafur bætti því við í stuttri athugasemd við skrif *Þjóðviljans*, að fræðimenn mættu auðvitað hafa stjórnmalaskoðanir, en hitt væri annað mál, að í vísindum væri ekkert til, sem hétí „gott“ eða „vont“, heldur væri þar aðeins leitast við að rekja orsakasamhengi hluta.⁹³

Þjóðviljinn hélt áfram að ráðast á þá Hayek og Ólaf: „Landsviðundrið Ólafur hefur nú viðurkennt, að heimsviðundrið Hayek hafi ekki skrifað bók sína um þessi efni sem vísindalegt hagfræðirit, heldur sem „áróðursrit“ fyrir stjórnmalastefnu íhaldsmanna.“ Blaðið endurtók síðan þá kenningu sína, að meira lýðræði væri í því folgið, að hinn vinnandi fjöldi ætti atvinnutækin en auðmenn eins og Ólafur Thors og Björn Ólafsson.⁹⁴ Jónas H. Haralz svaraði einnig Ólafi. Hafði hann meiri trú en Ólafur á því, að opinberar stofnanir gætu í umboði löggjafarþinga og með aðstoð sérfræðinga samið og framkvæmt heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins.⁹⁵ Enn svaraði Ólafur Jónasi. Lagði hann áherslu á hið mikla og víðtæka vald, sem lagt yrði í hendur opinberra starfsmanna, væru atvinnufyrirtæki þjóðnýtt. Taldi hann litlar líkur á því, að það yrði notað skynsamlega, en hitt einmitt líklegra, að það yrði misnotað. „Jafnvel þótt þegnum þessa þjóðfélags væri tryggður réttur til atvinnu, væri auðvelt að framkvæma það þannig, að líf þeirra, er stjórnarvöldin teldu sér andvíga, væri raunveruleg fangabúðatilvera.“⁹⁶ Í nokkrum forystugreinum tók *Morgunblaðið* undir með Hayek og Ólafi Björnssyni. Ekki mætti skilja Hayek svo, að íslenskir lýðræðis-

jafnaðarmenn ættu þá ósk heitasta að stofna þrælkunarbúðir á Íslandi. Hann væri öllu heldur að vara við óæskilegri og hættulegri þróun, þegar hagvaldið væri lagt í hendur stjórnvalda ásamt hinu hefðbundna ríkisvaldi.⁹⁷ Árið 1946 gaf Samband ungra sjálfstæðismanna útdráttinn úr *Leiðinni til ánaugar* út í sérstökum bæklingi með formála eftir Jóhann Hafstein, þáverandi formann SUS. Skrifaði Ólafur Björnsson fleiri greinar um þennan boðskap í málöggn sjálfstæðismanna.⁹⁸

Haustið 1946 rufu sósíalistar samstarfið við Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokk vegna ágreinings um utanríkismál. Ólafi Thors féll það miður, því að hann hafði unað sér vel við nýsköpunina. Var nefnd fjögurra hagfræðinga nú falið að leggja á ráðin um stefnuna í efnahagsmálum. Ólafur Björnsson var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Klemens Tryggvason Framsóknarflokksins, Jónas H. Haralz Sósíalistaflokksins og Gylfi Þ. Gíslason Alþýðuflokksins.⁹⁹ Áður en hagfræðingarnir hófu störf, héldu leiðtogar stjórn mála flokkanna fjögurra á þingi fund með þeim í þingflokksherbergi Sjálfstæðisflokksins í Alþingishúsinu. Ólafur Thors sagðist þar ekki hafa mikla trú á þessu tiltæki.¹⁰⁰ Þegar nefndin settist yfir verkefni sitt, varð henni ljóst, að gjaldeyrir þjóðarinnar var að ganga til þurrðar. Meginskýringin var, að á stríðsárunum hafði verið miklu meiri verðbólga á Íslandi en grannríkjunum: Verðlag hafði hækkað um 180% á Íslandi, en aðeins um 30–40% í Bretlandi og Bandaríkjunum.¹⁰¹ Þar eð gengi hafði haldist óbreytt, hafði innflutt vara verið mjög ódýr og flætt inn í landið. Útflutningsatvinnuvegirnar höfðu skrimt þrátt fyrir hið háa gengi vegna góðra aflabragða og mikillar eftirspurnar eftir fiski erlendis, en nú stóðu þeir frammi fyrir miklum vanda.

Hagfræðingarnir fjórir gagnrýndu nýsköpunarframkvæmdirnar og töldu ekki annarra kosta völ en herða höft og stjórna heildarfjárfestingunni. Ólafur Björnsson skrifaði undir álitssgerð þeirra með hálfum huga. „Og ég verð að játa, að líklega hefir álitssgerðin, sem við skiluðum og sem var síðan prentuð, verið með lakari hagfræðiritum, sem skrifuð hafa verið hér á landi,“ sagði Ólafur. „En þá verða menn að hafa í huga, til hvers var ætlast af okkur. Við áttum samkvæmt því erindisbréfi, sem okkur var fengið, að kanna leiðir til að halda áfram Nýsköpuninni, en það var ljóst, að slíkt var ekki framkvæmanlegt nema með takmörkunum og jafnvel höftum.“¹⁰² Ólafur Thors tók álitssgerðinni illa. Hann sagði til dæmis við Gylfa Þ. Gíslason, að ráðuneyttisstjórinn sinn hefði verið að nefna við sig, hvað greiða skyldi nefndar-

mönnunum fyrir störf sín, en Gylfi mætti gjarnan vita, að hann teldi þá ekki eiga að fá grænan eyri fyrir þetta!¹⁰³ Eini stjórn málaforinginn, sem var ánægður með álitserðina, var Hermann Jónasson, og var það vegna þeirrar gagnrýni, sem þar var sett fram á stjórnarstefnuna 1944–1947, en þá var Hermann í stjórnarandstöðu.¹⁰⁴

Þótt Ólafur Thors hefði áhuga á því að endurreisa nýsköpunarstjórnina, tókst honum það ekki. Sósíalistar gerðu það að úrslitaatriði, að ekki yrði samið við Bandaríkjamenn um neins konar aðstöðu á Íslandi, eins og Ólafur hafði gert. Í ársbyrjun 1947 myndaði Stefán Jóhann Stefánsson samstjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Eysteinn Jónsson var menntamálaráðherra í hinni nýju ríkisstjórn, og eitt fyrsta verk hans í embætti var að auglýsa laust til umsóknar dósentsembætti í viðskiptafræðum, sem stofnað hafði verið með lögum nr. 66/1944 og Ólafur gegndi. Mælt var, að Brynjólfur Bjarnason hefði harðneitað að skipa Ólaf í starfið þrátt fyrir tilmæli Háskólans, því að hann hefði kunnað honum litlar þakkir fyrir skrif hans um sósíalisma. Ólafur Björnsson var eini umsækjandinn. Í dómnefnd voru Gylfi Þ. Gíslason, Þorsteinn Þorsteinsson og Klemens Tryggvason, og taldi hún Ólaf hæfan. Skipaði ráðherra hann síðan í embætti dósents í laga- og hagfræðideild 13. maí 1947.¹⁰⁵ Þegar Ólafur var eitt sinn spurður, hvers vegna svo hefði dregist að skipa hann í embætti, sagði hann af hógværd sinni: „Brynjólfur gerði ekkert til að koma mér úr starfi, en hann hefir líklega ekki kært sig um að styðja mig til kennslunnar í Háskólanum.“¹⁰⁶ Ólafur hélt áfram að tala gegn sósíalisma á opinberum vettvangi. Stúdentaráð Háskóla Íslands hélt almennan umræðufund í Hátíðasal Háskóla Íslands 18. mars 1947 um efnið: Er sósíalismi framkvæmanlegur á lýðræðisgrundvelli? Rökstuddu Ólafur Björnsson og Gylfi Þ. Gíslason sitt hvort svarið.¹⁰⁷ Fannst stúdentum í viðskiptafræði og lögfræði gaman að sjá læri-meistara sína skiptast á skoðunum, þótt allt færi kurteislega fram. Þeir Ólafur og Gylfi létu nemendur ekki etja sér saman, þótt stundum væri það reynt. Þegar nemandi spurði Ólaf eitt sinn á rannsóknaræfingu, þar sem menn fengu sér stundum í staupinu, hvernig Gylfi gæti eftir þriggja ára nám sitt í Frankfurt staðið jafnfætis Ólafi eftir sex ára nám hans í Kaupmannahöfn, svaraði Ólafur og hló við: „O, menn kenna nú ekki meira en þeir kunna.“¹⁰⁸ Ólafur birti enn fremur ritgerð í *Skírni* 1947 um Jón Sigurðsson og stefnur í verslunarmálum. Þar leiddi hann

rök að því, að Jón forseti hefði verið stuðningsmaður frjálsrar verslunar og kunnugur helstu hagfræðilegu rökunum fyrir henni.¹⁰⁹

Prófessor og talsmaður launþega: 1948–1956

Haustið 1948 markaði nokkur tímamót í lífi Ólafs Björnssonar. Hann var skipaður prófessor, hóf hagfræðikennslu í Verslunarskólanum og var kjörinn formaður BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hann var 23. september 1948 skipaður prófessor í laga- og hagfræðideild.¹¹⁰ Hinn nýi prófessor var áfram virkur fyrirlesari og höfundur um fræðileg efni. Þessi árin héldu ýmsir háskólakennarar fyrirlestra fyrir almenning í hátíðasalnum, og voru þeir síðan gefnir út í ritröð undir nafninu *Samtíð og saga*. Ólafur Björnsson hélt tvo slíka fyrirlestra, Skipulagning heimsviðskipta 26. nóvember 1944, sem birtist í *Samtíð og sögu* 1948, og Áætlunarbúskap 23. apríl 1950, sem birtist 1954.¹¹¹ Mælti hann þar fyrir frjálsri verslun eins og fyrri daginn. Ólafur birti nokkrar ritgerðir á dönsku næstu árin. Þessi ár var einn skólabróðir Ólafs í Kaupmannahafnarháskóla, Søren Gammelgård Jacobsen, ritstjóri *Nationaløkonomisk Tidsskrift*.¹¹² Ólafur birti einnig ritgerð 1950 um hagkerfi og réttarreglur í *Afmælisriti* Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra. Var hún mjög í sama anda og fyrri skrif hans um sósíalisma og lýðræði.¹¹³

Í Verslunarskólanum kenndi Ólafur fyrstu árin þremur fjórðu bekkjum, sem voru að undirbúa sig undir verslunarpróf, og einum sjötta bekk, en nú hafði skólinn fengið rétt til að brautskrá stúdenta. Ólafur hætti ekki að kenna í fjórða bekk Verslunarskólans fyrr en 1961, en stundakennslunni í sjötta bekk hætti hann ekki fyrr en 1967.¹¹⁴ Þá var Verslunarskólinn til húsa á Grundarstíg. Vilhjálmur Þ. Gíslason norrænufræðingur, bróðir Gylfa, var skólastjóri til 1953, og tók dr. Jón Gíslason fornfræðingur við af honum. Var allt þar í föstum sniðum. Ólafur flutti þar eitt sinn framsögu á málfunði nemenda og skrifaði tvisvar ferðasögur í Verslunarskólablaðið.¹¹⁵ Um og eftir 1950 lagði Ólafur líka mikla vinnu í að rita kennslubækur. Árið 1949 gaf hann út fjölritaða fjármálafræði handa nemendum sínum í Háskólanum. Árið 1951 gaf hann út 173 bls. bók, *Hagfræði*, til kennslu í Verslunarskólanum. Þótt höfundur minntist á ágreiningsmál um hag-



Háskólaráð 1960. Frá v.: Kristinn Stefánsson, læknadeild, Ólafur, laga- og viðskiptadeild, Magnús Már Lárusson, guðfræðideild, Ármann Snævarr rektor, Pétur Sigurðsson háskólaritari, Guðni Jónsson, heimspekideild, Þorbjörn Sigurgeirsson, verkfræði- og raunvísindadeild, Árni Grétar Finnsson, fulltrúi stúdenta. Ólafur var dósent 1942–1948 og síðan prófessor til 1982.

kerfi, var fyllstu óhlutdrægni gætt og áhersla lögð á að kynna helstu lögmál hagfræðinnar. Til dæmis var sagt, að á meðal ráða við verðbólgu væru hækkun skatta, aukinn sparnaður (vætanlega hækkun vaxta) og verðlagseftirlit, og hefði Keynes lávarði eflaust líkað þetta betur en Hayek.¹¹⁶ Haraldur Hannesson hagfræðingur kvað höfundi hafa „tekist að draga saman á skýran og ljósan hátt greinargott yfirlit“. Væri málfar „látlaust og lipurt“ og bæri þess merki, að höfundurinn hefði efnið vel á valdi sínu.¹¹⁷ Brynjólfur Sigurðsson rifjaði síðar upp kennslu Ólafs:

Ég var nemandi Ólafs í samtals sex ár bæði í Verslunarskóla Íslands og í Viðskiptadeild Háskóla Íslands. Í kennslustundum var aldrei hægt að merkja, hvaða stjórnmálaflokki hann tilheyrði. Öllum sjónarmiðum var gert jafnhátt undir höfði. Þessi fræðilega ögun hafði djúpstæð áhrif.¹¹⁸

Nemendum Ólafs í Verslunarskólanum var hlýtt til hans, enda var hann samviskusamur kennari og vildi hvers manns vanda leysa. Ólafur sagði sömu gamansögurnar ár eftir ár í tímum, og skellihlógu nemendur jafnan, þegar að þeim kom, enda áttu þeir von á þeim. Jók það á kætina, er Ólafur hló með. Eitt sinn glumdi allt skólahúsið á

Grundarstíg við af slíkum hlátrasköllum, svo að skólastjórinn, sem þá var orðinn Jón Gíslason, gerði sér ferð niður í bekk til Ólafs, opnaði dyrnar, leit yfir hópinn og sagði: „Hér er glatt á hjalla!“¹¹⁹

Árið 1952 gaf Ólafur Björnsson út bókina *Þjóðarbúskap Íslendinga* til notkunar í námskeiði um haglýsingu í Háskóla Íslands. Þetta var mikið rit, 421 blaðsíða þéttprentaðar. Þar voru kaflar um Landið, Þjóðina, Landbúnað, Fiskveiðar, Iðnað, Verslun og samgöngur, Peninga- og verðlagsmál, Félagsmál og Opinber fjármál. Rakti Ólafur hvert mál sögulega og tindi síðan til helstu stærðir og orsakasamhengi þeirra. Sérstaklega voru kaflarnir um peninga og fjármál fróðlegir. Ólafur benti á ýmis sérkenni Íslands. Það væri til dæmis strjálbýlasta land Evrópu og háðast utanríkisverslun. Bókinni var vel tekið, og birti *Morgunblaðið* frétt um útkomu hennar á baksíðu, sem fátítt var.¹²⁰ Gylfi Þ. Gíslason skrifaði: „Hún er árangur geysimikils starfs, sem hefur verið unnið á grundvelli mjög víðtækrar þekkingar í [svo] íslenskum efnahagsmálum og af mikilli alúð og kostgæfni.“¹²¹

Ýmsum hefði þótt nóg að sinna fullu prófessorsembætti, kenna mörgum bekkjum í Verslunarskólanum og gefa út nokkrar kennslubækur, en Ólafur Björnsson tók auk þess að sér að vera formaður BSRB á þingi samtakanna í Reykjavík 20.–22. nóvember 1948.¹²² BSRB var stofnað í Reykjavík 14. febrúar 1942. Sigurður Thorlacius skólastjóri var fyrsti formaður bandalagsins og gegndi þeirri stöðu til dauðadags 1945. Þá tók Lárus Sigurbjörnsson skjalavörður við og var formaður í eitt ár. Þá var Guðjón B. Baldvinsson formaður, en síðan Lárus aftur í eitt ár, 1947–1948.¹²³ Ólafur var fulltrúi starfsmannafélags Háskólans frá 1943, var kjörinn í stjórnina 1947 og var varaformaður Lárusar í eitt ár, uns hann var kjörinn formaður 1948. Í formannstíð hans setti Alþingi lög 1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem talin voru mikil réttarbót. Einnig setti það launalög 1955.¹²⁴ Samkennari Ólafs í Verslunarskólanum, Sigurður Ingimundarson, efnafræðingur og alþingismaður (faðir Jóhönnu forsætisráðherra), sat með Ólafi í stjórn frá upphafi, tók við af honum 1956 og var formaður BSRB til 1960.

Nú höfðu höftin verið hert um allan helming. Auk þess sem strangar hömlur voru á innflutningi og gjaldeyrisyfirfærslum var stofnað Fjárhagsráð, sem átti að stjórna fjárfestingum. Árangurinn af nýsköpuninni varð ekki eins mikill og vonir höfðu staðið til. Síldveiðar brugðust, og viðskiptakjör erlendis versnuðu. Gjalderyrissjóðir tæmdust, og var þá hert enn á höftunum, uns svo var komið árið 1948, að ýmis nauðsynjavara fékkst ekki lengur í búðum í Reykjavík. Ríkisstjórnin,

sem mynduð hafði verið í ársbyrjun 1947, var veik. Um skeið hvarf þó haftabúskapurinn í skuggann af hörðum átökum um utanríkismál, en kommúnistar réðu flestu í Sósíalístaflokknum og beittu honum hart gegn auknu vestrænu samstarfi, eins og formaður flokksins, Einar Olgeirsson, hafði haustið 1945 fengið fyrirmæli í Moskvu um að gera.¹²⁵ Bjarni Benediktsson fór ásamt tveimur öðrum ráðherrum til Washington-borgar 14. mars 1949 til að ræða við bandaríska ráðamenn um fyrirhugað varnarbandalag. Hann notaði líka tækifærið til að hitta Benjamín H. J. Eiríksson hagfræðing, sem lokið hafði doktorsprófi í hagfræði frá Harvard-háskóla og var nú orðinn sérfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hafði vinur beggja, Hans G. Andersen, gert Benjamín orð um að hitta Bjarna. Þeir sátu lengi dags á herbergi Bjarna á gistihúsi í borginni, og þar skýrði Benjamín út fyrir Bjarna, að hægt væri að koma á jafnvægi í atvinnulífinu og afnema höftin með samræmdum aðgerðum í peningamálum og ríkisfjármálum, en að það kostaði verulega gengisfellingu. Frjálst atvinnulíf væri mögulegt á Íslandi eins og annars staðar. Bjarni hlustaði af athygli. Skömmu síðar sneri ríkisstjórnin sér til Benjamíns og bað hann að koma til Íslands henni til ráðuneytis. Benjamín fékk þriggja mánaða leyfi frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hélt heim í apríllök. Þá var Ísland gengið í hið nýstofnaða Atlantshafsbandalag eftir götubardaga í Reykjavík. Á Íslandi samdi Benjamín rækilega álitserð, sem var í rauninni eins konar kennslubók handa íslenskum stjórnámálamönnum um frjálst atvinnulíf, eðli þess og lögmál. Þeir Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson lásu greinargerðina vandlega.

Sumarið 1949 ákvað Framsóknarflokkurinn að rjúfa stjórnarsamstarfið, og þurfti þá að efna til kosninga, ári áður en kjörtímabilið var liðið. Sjálfstæðisflokkurinn gerði afnám haftanna að einu helsta kosningamáli sínu. Ungir sjálfstæðismenn litu á Ólaf Björnsson sem sérstakan talsmann sinn, og beitti einn helsti forystumaður þeirra, Ásgeir Pétursson, sér fyrir því, að honum væri boðið sæti á framboðslista flokksins í Reykjavík. Líklega spillti það ekki heldur fyrir, að hann var nú orðinn formaður fjölmennra launþegasamtaka, BSRB. Ólafur kvaðst sjálfur þó ekki vilja, að tekið væri tillit til þess við röðun á lista flokksins, enda hefði hann verið studdur í þá trúnaðarstöðu af fulltrúum allra þriggja lýðræðisflokka.¹²⁶ Í efstu fimm sætum listans voru Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra, Björn Ólafsson stórkaupmaður, Jóhann Hafstein framkvæmdastjóri, Gunnar Thoroddsen borgarstjóri

og Kristín L. Sigurðardóttir húsfrú. „Í 6. sæti er Ólafur Björnsson, einn hinn efnilegasti af yngri mönnum Sjálfstæðisflokksins, ágætur maður, sem mundi sóma sér vel á þingi,“ sagði í *Mánudagsblaðinu*.¹²⁷ Þjóðviljinn vandaði honum hins vegar ekki kveðjurnar:

Ólafur Björnsson skrifar ekki í Morgunblaðið sem hagfræðingur eða forseti Bandalags ríkis og bæja — heldur sem sjötti maður á lista íhaldsins í Reykjavík, lista auðmannastéttarinnar. Sem slíkur traðkar hann í svaðið fræðimanns-heiður sinn og þann óverðskuldaða trúnað, sem honum hefur verið sýndur. Það gefur góða hugmynd um, hvers konar maður Ólafur Björnsson er.¹²⁸

Sjálfstæðisflokkurinn vann lítilega á í kosningunum, en Ólafur náði ekki kjöri. Varð hann fyrsti varamaður úr Reykjavík. Við tók langt samningaþóf stjórn mála flokkanna, enda var engin samstaða um úræði í efnahagsmálum.

Ólafur Björnsson flutti hátíðarræðu í hátíðasal Háskólans á fullveldisdaginn 1. desember 1949. Kvað hann sjálfstæðisbaráttuna ævarandi, og yrði þjóðin að vera efnahagslega sjálfstæð ekki síður en fullvalda að alþjóðalögum.¹²⁹ Sex dögum síðar myndaði Ólafur Thors minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins. Eitt fyrsta verk hennar var að biðja Benjamín Eiríksson að koma heim og undirbúa aðgerðir í efnahagsmálum í samræmi við álitsgerð hans frá því um sumarið. Þeir Benjamín og Ólafur Thors funduðu í Stjórnarráðinu 13. desember. Forsætisráðherrann var að hitta Benjamín í fyrsta skipti og var hinn elskulegasti. Hann kvaðst vita, að stjórn mála skoðanir Benjamíns hefðu breyst, frá því að hann var ungur kommúnisti. Hann vildi, að Benjamín fengi Ólaf Björnsson til að vinna með sér að tillögum. Benjamín kvað strax já við. Hann þekkti Ólaf að góðu einu: „Ég vissi, að hann aðhylltist frjálslynd viðhorf í efnahagsmálum og væri gegn maður.“¹³⁰ Þeir Ólafur Björnsson tóku nú til óspilltra mála. Höfðu þeir þann hátt á, að á daginn skrifaði Benjamín kafla í uppkast að frumvarpi um efnahagsráðstafanir og fór með þá á kvöldin heim til Ólafs, þar sem þeir ræddu saman um kaflana og gengu sameiginlega frá þeim. Þeir Benjamín og Ólafur átti síðan fundi með Ólafi Thors eftir þörfum, og voru þeir oftast heima hjá forsætisráðherranum. Eitt sinn voru þeir Benjamín og Ólafur staddir heima hjá Ólafi Thors, þegar Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, hringdi þangað. Ólafur tók símann og heyrðu þeir Benjamín, að hann var að falast eftir vist á Kleppi fyrir mann í kjördæmi sínu, og fékk hann hana. Ólafur þakkaði Helga með

virktum fyrir, en bætti við: „En heyrðu, Helgi, þú mátt ekki fylla svo allt hjá þér, að þú eigir ekki pláss fyrir mig, því það mæðir svo mikið á mér núna, að ég er alveg að ganga af göflunum.“¹³¹ Svo ósleitilega var unnið að tillögunum um efnahagsmál, að þeir Benjamín og Ólafur funduðu með Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni í Stjórnarráðinu við Lækjargötu á jóladag 1949. „Þeir voru báðir sérstakir vinnubjarkar, Ólafur og Bjarni,“ sagði Ólafur Björnsson.¹³²

Tókst hið besta samstarf með Ólafi Thors og Ólafi Björnssyni. Ólafur Thors hafði ekki líkað allt það, sem hann hafði áður séð til hagfræðinga. Hann hafði til dæmis spurt Jónas H. Haralz með þjósti, eftir að hagfræðingarnir fjórir höfðu skilað álitserð sinni 1946: „Haldið þið þá, hagfræðingarnir, að valdamiklir embættismenn verði heiðarlegri en sjálfstæðir atvinnurekendur?“¹³³ Ólafur Thors skrifaði síðar í bréfi til bróður síns, Thors Thors sendiherra:

Aðalatriðið var, að ég var öfugur og snúinn gegn öllu, sem þeir sögðu, þangað til ég fór að stúdera hina afar löngu skýrslu upp á 150 bls., sem Benjamín samdi fyrir stjórn Stefáns Jóhanns. Ég sannfærðist þá algerlega um, að ég væri ekki vitrasti maðurinn í heiminum, heldur einmitt meðal þeirra, sem í rauninni skorti allra mest til forystu á sviði stjórnmalanna, og ég hef, sem sagt, haft mjög gagn af samstarfinu við Benjamín og þar á meðal það, að ég hefði lært að meta Ólaf Björnsson, sem margir telja meiri vitmann en Benjamín, þó að hann e. t. v. skorti eitthvað á þá alhliða menntun, sem Benjamín hefur fengið á sviði hagfræðinnar.¹³⁴

Að sama skapi fannst Ólafur Björnssyni mikið til um Ólaf Thors, ekki síst rausn hans og höfðingsskap. „Þegar maður kom heim til hans, var eins og hann þyrfti alltaf að láta eitthvað meira af hendi rakna en gest-risnina á heimilinu, sem var frábær, svo sem leikhúsmiða eða eitthvað til gleði,“ sagði Ólafur um nafna sinn. „Ég hef stundum hugsað um það, að Ólafur hafi verið lýst sem talsmanni sérhyggju eða einstaklingshyggju, og komið það þá í hug, að engir „félagshyggjumenn“, sem ég hef þekkt og berjast fyrir umbótum á annarra kostnað, hafa verið eins örlátir á eigið fé og Ólafur Thors.“¹³⁵

Þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson afhentu ríkisstjórninni frumvarp sitt um ráðstafanir í efnahagsmálum ásamt rækilegri greinargerð, og var síðan boðaður ríkisstjórnarfundur, sem þeir sátu. Forsætisráðherrann, Ólafur Thors, kom síðastur á fundinn, hélt á frumvarpinu og sagði hressilega: „Nú höfum við prógramm!“ Ríkisstjórnin

lagði frumvarp þeirra Benjamíns og Ólafs fyrir Alþingi 25. febrúar 1950, en framsóknarmenn báru upp vantraust á ríkisstjórnina, sem var samþykkt, og baðst hún þá lausnar. Ólafur Björnsson tók drjúgan þátt í umræðum um efnahagsráðstafanirnar næstu vikur. Stúdentafélag Reykjavíkur efndi til fundar í Listamannaskálanum þriðjudagskvöldið 28. febrúar um tillögur þeirra Ólafs og Benjamíns, og voru þeir Ólafur, Gylfi Þ. Gíslason, Jónas H. Haralz og Klemens Tryggvason framsögu-menn. Hvert sæti var skipað, og urðu margir að standa. Ólafur kvað meginorsök ójafnvægis síðustu ára vera fjárfestingu langt umfram sparifjármyndun. Til þess að koma á jafnvægi væru til ýmsar leiðir, en sú, sem auðveldust væri og hefði í för með sér minnsta röskun á högum launþega, væri gengislækkun. Höftin væru mjög óheppileg. Þeir Jónas og Klemens tóku undir það, að gengislækkun væri nú óhjákvæmileg, en gagnrýndu ýmislegt í stefnu stjórnvalda síðustu árin. Gylfi var eins og Alþýðuflokkurinn, sem hann sat á þingi fyrir, andvígur gengislækkun. „Hann kvaðst og mjög vantrúaður á, að hægt væri að koma hér á algerlega frjálsri verslun, auk þess sem sú skipun hefði marga galla.“¹³⁶ Þeir Klemens og Gylfi töldu, að breiðu bökin ættu að bera þyngri byrðar en allur almenningur, en fyrir því væri ekki nægilega séð í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.¹³⁷ Voru umræðurnar teknar upp á stálþráð og þeim útvarpað skömmu síðar.

Eftir lausnarbeiðni Ólafs Thors tók enn við langt samningabóf. Sýnt var, að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur yrðu að mynda stjórn, en Hermann Jónasson gat ekki unnt Ólafi Thors þess að vera forsætisráðherra, þótt hann væri formaður stærri flokks. Loks var sá kostur tekinn, að forseti sameinaðs þings, framsóknarmaðurinn Steingrímur Steinþórsson, myndaði stjórnina 14. mars. Var þá frumvarp þeirra Benjamíns Eiríkssonar og Ólafs Björnssonar samþykkt með smávægilegum breytingum. Gengið var fellt um 42,6%. Slakað var talsvert á höftunum. Ýmis vara var sett „á frílista“, en það merkti, að hana mátti flytja inn án leyfa. Ólafur Björnsson varði þessar ráðstafanir í ræðu og riti.¹³⁸ En ýmsir erfiðleikar steðjuðu að, svo að árangurinn af efnahagsráðstöfununum varð ekki eins mikill og þeir Benjamín og Ólafur höfðu vonað. Árferði var ekki gott árin 1950–1952. Gæftir voru tregar. Kóreustríðið skall á sumarið 1950, en það olli miklum verðhækkunum erlendis. Verð á innfluttri vöru hækkaði um þriðjung. Viðskiptakjör versnuðu því stórlega. Ofan á þetta bættist, að ísfisksmarkaðurinn í Bretlandi lokaði árið 1952 vegna útfærslu landhelginnar. Enginn gjald-

eyrisvarasjóður var til, og sá gjaldeyrir, sem þó var aflað, var notaður í framkvæmdir, sem taldar voru nauðsynlegar. „En þrátt fyrir þessar óhagstæðu ytri aðstæður varð mikill og varanlegur árangur af þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru í mars 1950,“ sagði Ólafur Björnsson. „Með þeim tókst að skapa slíkt jafnvægi í efnahagsmálum, að unnt var að afnema skömmtnunina, útrýma vöruskortinum og slaka verulega á innflutningshöftunum.“¹³⁹

Í miðju annríkinu við undirbúning efnahagsráðstafananna 1949–1950 bætti Ólafur Björnsson við sig verkefni. Hann skipaði 11. sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í bæjarstjórnarkosningunum 29. janúar 1950. „Nýtur hann vaxandi álits sem hagfræðingur fyrir sakir glöggskyggni sinnar, nákvæmni og samviskusemi,“ skrifaði *Morgunblaðið*.¹⁴⁰ Gunnar Thoroddsen borgarstjóri var í fyrsta sæti listans, en Auður Auðuns í öðru. Sjálfstæðisflokkurinn fékk meiri hluta atkvæða og 8 fulltrúa kjörna. Var Ólafur varamaður í bæjarstjórn næsta kjörtímabil. Um leið var hann fyrsti varamaður Sjálfstæðisflokksins á Alþingi úr Reykjavík. Tók hann sæti á þingi í maí 1950, þegar Gunnar Thoroddsen var í útlöndum, og í október 1950 í forföllum Björns Ólafssonar ráðherra.¹⁴¹ Jafnframt gegndi hann áfram formennsku í BSRB. Þar var sótt að honum 1950, eflaust að undirlagi sósíalista og sumra Alþýðuflokksmanna. Bauð Pétur Pétursson útvarpsþulur sig fram gegn honum, en Ólafur var endurkjörinn með 47 atkvæðum, og fékk Pétur 25 atkvæði.¹⁴² Árið eftir, haustið 1951, bauð Pétur sig aftur fram gegn Ólafi, sem var endurkjörinn með 57 atkvæðum, en Pétur fékk 23 atkvæði.¹⁴³

Ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar sat fram á sumarið 1953. Eftir erfiðleikana 1950–1952 var árferði að batna, og töldu sjálfstæðismenn einsýnt, að minnka skyldi haftabúskapinn og leggja Fjárhagsráð niður, enda kraumaði óánægja í flokknum vegna haftanna. Í kosningunum 1953 skipuðu sömu sex menn efstu sæti listans og 1949. *Morgunblaðið* skrifaði: „Maðurinn í baráttusætinu á lista Sjálfstæðisflokksins nú er Ólafur Björnsson prófessor. Hann er ekki aðeins viðurkenndur gáfumaður, heldur og afburða vinsæll af öllum, sem kynnast honum. Innan launþegasamtakanna hefur hann unnið mikið og gott starf, enda hefur fylgi hans þar farið stöðugt vaxandi.“¹⁴⁴ Ólafur skrifaði 70 bls. bók, sem gefin var út fyrir kosningar, *Haftastefnu eða kjarabótastefnu*.¹⁴⁵ Þar skýrði hann á einfaldan hátt út helstu lögmál hagfræðinnar, og var niðurstaða hans ótvíræð: „Frjáls verslun bæði innanlands og í inn-

flutningsversluninni er það fyrirkomulag, sem tryggir lægstan dreifingarkostnað og hagkvæmust innkaup. Af frjálsri verslun leiðir það, að viðskiptin færast sjálfkrafa til þeirra, sem vörudreifinguna annast ódýrast.¹⁴⁶ Kvað hann launþega best setta í skipulagi frjálsrar samkeppni. Samtök þeirra ættu ekki að reyna að knýja fram óraunhæfar kauphækkanir, heldur beita sér fyrir frjálsu neysluvali og jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ólafur gagnrýndi harðlega haftabúskapinn, sem rekinn hafði verið á Íslandi. „Afleiðingin er alls staðar aukin fyrirhöfn, kostnaður og óþægindi fyrir almenning, afkastarárnun á öllum þeim sviðum, er höftin ná til, minni þjóðartekjur, rýrnun kaupmáttar launa og líf skjara þjóðarinnar í heild.“¹⁴⁷ Af tvennu illu væri gengisfelling skárri kostur en innflutningshöft, þótt æskilegast væri að tryggja jafnvægi í utanríkisviðskiptum með því að halda verðlagi innanlands í jafnvægi. Ólafur benti líka á þau óheppilegu áhrif, sem innflutnings- og gjaldeyrishöft hefðu á siðferði þjóðarinnar. Almennigur bryti hiklaust gegn slíkum boðum og bönnum, því að þau ættu sér enga stoð í siðferðisvitund hans. Einnig mynduðu höftin skilyrði fyrir margvíslegri spillingu. Kvað Ólafur það koma sér á óvart, að íslenskir sósíalistar, jafnt Alþýðuflokksmenn og kommúnistar, væru ósnortnir af hugmyndum frjálslyndra jafnaðarmanna og boðuðu ómengaða hafta- og þjóðnýtingarstefnu. Nefndi hann þar sérstaklega bókina *Jafnaðarstefnuna* eftir Gylfa Þ. Gíslason, en hún kom út 1949.¹⁴⁸

Gylfi Þ. Gíslason skrifaði á móti grein í *Alþýðublaðið*, þar sem hann sagði haftakerfið í sjálfu sér ekki vont, en það hefði verið illa framkvæmt af stjórnvöldum síðustu ára. Enginn tryði lengur á alfrjálsa verslun. Hið opinbera yrði að minnsta kosti að stjórna fjárfestingum. Ólafur hefði sjálfur mælt með höftum í hagfræðingaálitinu 1946:

Látum það vera, að flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn, sem alla tíð hefur verið flokkur fjáraflamanna og braskara, skuli guma af fylgi sínu við „frjáls viðskipti“, um leið og hann viðheldur gífurlegum höftum og framkvæmir þau illa. En hitt er undarlegra, að mikils metinn fræðimaður eins og prófessor Ólafur Björnsson skuli taka þátt í slíku lýðskrumi.¹⁴⁹

Urðu nokkrar deilur milli þeirra Ólafs.¹⁵⁰ Í kosningunum þá um sumarið náði Ólafur ekki kjöri á þing fyrir Reykjavík, en var sem fyrr varamaður. Þegar Valtýr Stefánsson benti um þær mundir á, að þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson hefðu báðir verið sósíalistar ungir, sendi Ólafur stutta athugasemd í *Morgunblaðið*. Kvað hann rétt

að taka fram, að hann hefði aldrei verið í neinum stjórnmalaflokk, sem hefði haft kommúnisma eða sósíalisma á stefnuskrá sinni. Hins vegar hefði hann haft samúð með þessum stefnum á stúdentsárum sínum.¹⁵¹ Í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík 1954 skipaði Ólafur 12. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins. Undir forystu Gunnars Thoroddsens borgarstjóra hélt flokkurinn meiri hluta í bæjarstjórn, og var Ólafur einn af varamönnum í bæjarstjórn næsta kjörtímabilið. Næstu misseri héldu þeir Ólafur Björnsson og Gylfi Þ. Gíslason deilum sínum um hagskipulag og hagstjórn áfram. Þeir voru frummælendur á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur í Sjálfstæðishúsinu 21. febrúar 1956 um efnið: „Er hægt að halda verðlagi niðri með verðlagseftirliti?“ Gylfi svaraði játandi, en Ólafur neitandi. Gylfi gagnrýndi kenninguna um frjálsa verslun. Ólafur bentí á, að ekki væri mikill vandi að ráða við verðbólgu, ef svarið við spurningunni væri játandi. Taldi hann verðlagseftirlit skapa svartan markað, bakdyraverslun og biðraðir. Stuðningsmenn hafta töluðu alltaf um alþýðuna, en ættu aðeins við samherja sína í stjórnmalum.¹⁵² Þessi ár skrifaði Ólafur fjölda greina í *Morgunblaðið* og önnur blöð um hagfræði og til stuðnings frjálslyndum sjónarmiðum.¹⁵³ Hann tók einnig að sér formennsku í Dansk-íslenska félaginu 1955–1956 til að afstýra ýmsum erfiðleikum, en hann hafði setið í stjórn félagsins allt frá 1945.¹⁵⁴

Jafnframt því sem Ólafur Björnsson annaðist prófessorsembætti sitt í Háskóla Íslands, kenndi í Verslunarskólanum, gegndi formennsku í BSRB, samdi bækur, ritgerðir í tímarit og greinar í blöð, sinnti hann fjölskyldu sinni. Á meðan Ólafur var enn í Menntaskólanum á Akureyri árið 1930, hafði faðir hans, séra Björn Stefánsson á Auðkúlu, kvænst aftur, Valgerði Jóhannsdóttur frá Torfustöðum í Svartárdal. Þau hjón eignuðust tvær dætur, hálf systur Ólafs. Önnur var Guðrún Sigríður, fædd 1930 og skírð eftir móður Ólafs, fyrri konu séra Björns. Hin er Ólöf Birna, fædd 1934. Þrjár alsystur Ólafs fóru frá Auðkúlu, strax og þær gátu, enda voru þær miðlungi hrifnar af því að eignast stjúpu.¹⁵⁵ Ingibjörg gekk í Menntaskólann á Akureyri, leigði með systrum sínum í Reykjavík og giftist Þórarni Sigmundssyni mjólkurfræðingi. Hann hafði verið sjálfboðaliði í her Finna í Vetrarstíðinu 1939–1940, en komið heim með Esjunni frá Petsamo haustið 1940. Þórarinn starfaði lengst hjá Mjólkurbúi Flóamanna. Ingibjörg lést 1977, en Þórarinn 1996. Þorbjörg gekk í Kvennaskólann í Reykjavík, leigði um skeið með systrum sínum í Reykjavík, en bjó síðan í mörg ár hjá móðursystur

sinni Kristínu Ólafsdóttur og manni hennar, Vilmundi Jónssyni. Hún var einhleyp, vann í Landsbankanum nánast alla sína starfsævi, en stundaði líka ferðalög um heiminn. Hún lést 2007.¹⁵⁶ Ásthildur tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1937 og vann á Hagstofunni frá 1941. Hún leigði með systur sínum, kynntist Steini Steinarr skáldi og giftist honum eftir nokkurra ára sambúð 1948. Var fjölskylda hennar og þá aðallega faðir hennar og alsystur í fyrstu miðlungi ánægð með ráðahaginn. Séra Björn smakkaði ekki vín og líkaði illa, að Steinn væri ekki bindindismaður. Komst þó betri regla á líf Steins, eftir að hann tók saman við Ásthildi, og varð þeim Birni vel til vina. Skáldið slepti hinum virðulega mági sínum ekki við mein-hæðni sína. Kvað Steinn Ólaf slakan hagfræðing, því að hann hefði ekki haft ráð á að kaupa nema úrehtar kennslubækur á útsölum háskólaárin í Kaupmannahöfn! En allir vissu, eins og Helgi Sæmundsson ritstjóri sagði, að þetta „var aðeins skemmtilegur sleggjudómur þessarar frægu ormstungu“.¹⁵⁷ Ólafur kippti sér ekki upp við stríðni mágs síns, og samdi honum vel við Stein. „Það var varla hægt að hugsa sér ólíkari menn, en Ólafi lynti við alla,“ segir frændi hans, Ólafur Ólafsson landlæknir.¹⁵⁸ Steinn féll frá 1958. Ásthildur bjó síðan með Þormóði Guðlaugssyni (föður Úlfars rithöfundar) frá 1966. Hann lést 1989, en Ásthildur 1998.¹⁵⁹ Alsystur Ólafs þrjár voru allar róttækar í stjórnmálaskoðunum ólíkt föður sínum og bróður, en Ólafur hélt ekki uppi neinum deilum við þær, heldur hló aðeins að því, sem hann taldi rangt hjá þeim.¹⁶⁰

Séra Björn Stefánsson þjónaði Auðkúluprestakalli í þrjátíu ár, til 1951, og var prófastur síðustu tuttugu árin. „Kirkjusókn var mikil að Auðkúlu, og að messu lokinni var öllum kirkjugestum boðið til kaffidrykkju á heimili prestshjónanna, og þótti prestsfrúin þar ávallt sýna hina mestu gestrisni og myndarskap.“¹⁶¹ Þau hjónin, séra Björn og Valgerður, fluttust til Akureyrar að prestsskap loknum, enda stunduðu dætur þeirra tvær nám í Menntaskólanum á Akureyri. Þau fluttust tveimur árum síðar til Reykjavíkur, árið 1953, en séra Björn lést 10. nóvember 1958. Vinur hans og flokksbróðir, Hannes Pálsson frá Undirfelli, skrifaði: „Björn prestur var maður hæglátur í fasi og hugsaði hvert mál vel, áður en hann tók afstöðu til mála. Honum var það fyrir mestu að gera það eitt, sem rétt var, en eftir að hann hafði tekið afstöðu til máls, var hann því máli hinn traustasti liðsmaður.“¹⁶² Valgerður Jóhannsdóttir, stjúpmóðir Ólafs Björnssonar, lést 1980. Guðrún Sigríður, eldri dóttir þeirra

séra Björns, giftist Jóni Reyni Magnússyni verkfræðingi, sem lengi var framkvæmdastjóri Síldarverksmiðja ríkisins. Hún lést 2009. Yngri systirin, Ólöf Birna, giftist Jóni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, sem rak málflutningsskrifstofu í Reykjavík. Stóðu hálf systur Ólafs honum nær í stjórnámálum en alsysturnar þrjár. Samband Ólafs við hálf systur sínar var gott, en ekki mikið.

Þau Ólafur Björnsson og Guðrún Aradóttir fluttust 1949 í myndarlegt hús við Aragötu 5, í næsta nágrenni Háskólans. Alexander Jóhannesson prófessor, sem var mjög framtakssamur, hafði stofnað byggingarsamvinnufélag háskólakennara árið 1947, og var því úthlutað einhverjum eftirsóttustu lóðum í bænum, við Oddagötu og Aragötu. Fengu háskólamennirnir lán á góðum kjörum, sem voru í því fölgín, að Sáttmálasjóður Háskólans keypti skuldabréf af byggingarfélaginu, en það lánaði síðan húsbyggjendum, og var ríkisábyrgð á skuldabréfinu. Námu þessi lán tæpum helmingi kostnaðarverðs, eftir því sem næst verður komist.¹⁶³ Munaði um þetta, því að þá var ekki til nein Húsnæðismálastofnun ríkisins og því síður neinn Ibúðalánasjóður. Leituðu væntanlegir húsbyggjendur aðallega til veðdeildar Landsbankans um lán. Ólafur Björnsson og Guðrún Aradóttir eignuðust þrjá syni. Ari Helgi fæddist 10. desember 1946, Björn Gunnar 25. maí 1949 og Örnólfur Jónas 20. febrúar 1951. Ólafur var ekki með bílpróf og gekk jafnan frá Aragötu til vinnu sinnar. „Það var undantekning í þeirri kynslóð, sem ég tilheyri, að menn ættu bíl og ég auk þess úr sveit,“ sagði hann. Hann eignaðist ekki bíl fyrr en seint á ævinni, og þá óku synir hans honum. „Ég hef ekki saknað þess að geta ekki ekið bíl, hef aldrei haft verulegan áhuga á því og hef komist vel af án þess. Ég tímdi hreinlega aldrei að eyða tíma í að taka bílpróf.“¹⁶⁴

„Ólafur Björnsson er svona alveg eins og almenningur hugsar sér, að prófessor eigi að vera,“ sagði eitt sinn í palladómi um frambjóðendur til þings.¹⁶⁵ Margar sögur voru sagðar af því, að Ólafur væri utan við sig. Ein lífseigasta sagan var sú, sem nágranni hans á Aragötu, Ármann Snævarr lagaprófessor, sagði. Hann mætti Ólafi eitt sinn með barnavagn, en Ari, elsti sonur þeirra Guðrúnar, var þá kornabarn. Þegar hinn hreykni faðir ætlaði að sýna Ármanni frumburðinn, greip hann í tóm. Ekkert barn var í vagninum! Sá sannleikskjarni er í þessari sögu, að Guðrún hafði eitt sinn farið í heimsókn með Ara, sem síðan var orðinn þreyttur, svo að hún bað Ólaf að sækja þau og taka með sér barnavagn, svo að þau gætu ekið króganum heim. Önnur saga var af

því, þegar synirnir þrír voru allir fæddir, en mjög ungir. Guðrún fór þá eitt kvöldið í saumaklúbb og bað Ólaf að sjá um að koma drengjunum í háttinn. Um kvöldið hringdi hún heim og spurði, hvernig barnagæslan hefði gengið. „Jú, jú, þetta gekk ágætlega, nema hvað ég lenti í smærfiðleikum með þann fjórða,“ svaraði Ólafur. „En Ólafur, við eigum bara þrjá!“ sagði Guðrún. Þá hafði Vilmundur Gylfason, sonur nágrannahjónanna Gylfa Þ. Gíslasonar og Guðrúnar Vilmundardóttur, verið að leika sér með þeim, en hann var á líku reki og miðsonurinn, Björn, og Ólafur skipað honum í rúmið með þeim gegn nokkrum andmælum Vilmundar.¹⁶⁶ Ein sagan af Ólafi var líka, að hann hefði auglýst til sölu á heimili sínu lítið notað hjónarúm! Var þá sagt á móti, að Ólafur „segði áreiðanlega satt og rétt frá ástandi og notagildi, ef hann þyrfti að skipta um einhvern hlut í búi sínu og losa sig því við mun úr eigu sinni“.¹⁶⁷

Alþingismaður: 1956–1971

Eftir þingkosningarnar 1953 myndaði Ólafur Thors samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem lagði niður Fjárhagsráð og dró nokkuð úr höftunum, sérstaklega höftum á fjárfestingu. Hermann Jónasson, formaður Framsóknarflokksins, var utan stjórnar og undi sínum hlut illa. Eftir þrjú ár fékk hann því ráðið, að framsóknarmenn slitu stjórnarsamstarfinu, svo að rjúfa varð þing og efna til nýrra kosninga sumarið 1956. Gerðu Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur kosningabandalag og stefndu að þingmeirihluta. Hétu þeir því að slíta varnarsamstarfinu við Bandaríkin, sem tekist hafði 1951, og bæta kjör alþýðu með opinberum ráðstöfunum. Eins og fyrri daginn skipaði Ólafur Björnsson sjötta sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Eina breytingin í efstu sætum listans var, að Ragnhildur Helgadóttir, þá laganemi, var í fimmta sæti í stað Kristínar L. Sigurðardóttur. Ólafur útskýrði framboð sitt í *Morgunblaðinu*. Hann kvaðst hafa átt því láni að fagna að hljóta embætti við vísindastofnun, og væri sú sannleiksleit, sem þar ætti að stunda, vissulega ólík venjulegri kosningabaráttu, þar sem brigsl gengju á víxl, jafnframt því sem frambjóðendur kepptust við að lofa kjósendum öllu fögru. En vísindamenn yrðu samt að láta sig stjórnmál varða af ýmsum ástæðum. Skoðanafrelsi væri skilyrði fyrir framförum í vísindum, en viðtæk ríkisafskipti væru því hættuleg, þar á meðal haftalöggjöfin á Íslandi:

Ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn og hefi stutt hann síðan, ekki af því að ég teldi hann framkvæma áðurgreinda löggjöf af minni hlutdrægni en hinir flokkarnir, enda er erfitt að meta slíkt, heldur af hinu, að hann einn allra stjórnmálaflokka er löggjöf þessari andvígur.¹⁶⁸

Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig talsverðu fylgi í kosningunum, og varð Ólafur landskjörinn þingmaður (uppbótarmaður). Framsóknarflokki og Alþýðuflokki tókst ekki að ná þingmeirihluta, og myndaði Hermann vinstri stjórn þeirra tveggja og Alþýðubandalagsins, sem var kosningabandalag sósíalista og flokksbrots úr Alþýðuflokknum. Tók stjórnin upp flókið kerfi margfaldrar gengisskráningar, styrkja og hafta, og hóf viðræður við Bandaríkjastjórn um uppsögn varnarsamningsins, en hætti við eftir stórt lán frá Bandaríkjunum.¹⁶⁹ Sjálfstæðisflokkurinn fór í harða stjórnarandstöðu.

Ólafur Björnsson beitti sér mjög fyrir flokkinn í umræðum um þjóðmál næstu árin, flutti ófáar ræður og skrifaði fjölda blaðagreina.¹⁷⁰ Vinstri stjórnin sprakk haustið 1958. Engin samstaða var innan hennar um úrræði í efnahagsmálum. Alþýðuflokkurinn myndaði minnihlutastjórn undir forsæti Emils Jónssonar, og veitti Sjálfstæðisflokkurinn henni hlutleysi. Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur komu sér saman um að leiðrétta kjördæmaskipan til samræmis við byggðaðróun, og var þing rofið vorið 1959 og kosið 28. júní. Sex efstu sætin á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík voru skipuð sömu mönnum og áður. Þótt flokkurinn bætti við sig fylgi, fékk hann nú ekki uppbótarmann í Reykjavík, svo að Ólafur Björnsson datt út af þingi. Tók hann þó fullan þátt í störfum þingflokksins. Sumarþing kom saman og samþykkti breytingarnar á kjördæmaskipan, og var kosið aftur eftir hinni nýju skipan 25. og 26. október 1959. Ólafur Björnsson skipaði sem fyrr sjötta sæti framboðslistans í Reykjavík. Það bar helst til tíðinda í kosningabaráttunni, að Alþýðuflokkurinn hvarf frá fyrri stuðningi við höftin. „Til þess að Alþýðuflokknum verði þó treyst í þessu efni, er þó ekki nóg,“ skrifaði Ólafur, „að hann gefi yfirlýsingar í hita kosningabaráttunnar, heldur verður hugarfarsbreytingin að koma fram í verkum.“¹⁷¹ Þótt Sjálfstæðisflokkurinn tapaði nokkru fylgi frá því um sumarið, bætti hann við sig þingsætum vegna hinnar nýju kjördæmaskipunar, og var Ólafur Björnsson nú í fyrsta sinn kjördæmakjörinn. Eftir kosningar myndaði Ólafur Thors sína fimmtu stjórn, samstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem kölluð var viðreisnarstjórnin



Ólafur Björnsson flytur ræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1965. Bjarni Benediktsson og Baldvin Tryggvason sitja í pallborði. Ólafur gekk í Sjálfstæðisflokkinn haustið 1944, var formaður BSRB 1948–1956 og þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1956–1971.

og átti eftir að sitja í tólf ár, undir forsæti Ólafs til 1963. Eitt fyrsta verk Viðreisnarstjórnarinnar var að fella gengið og afnema innflutningshöftin. Helstu ráðgjafar stjórnarinnar voru þeir Jónas H. Haralz og Jóhannes Nordal, en Ólafur Björnsson var einn af ötulustu talsmönnum stjórnarinnar út á við.¹⁷² Voru þeir samkennararnir Ólafur og Gylfi Þ. Gíslason, sem orðið hafði viðskipta- og menntamálaráðherra í vinstri stjórninni 1956 og hélt þeim stöðum í viðreisnarstjórninni, nú samherjar frekar en mótherjar. Nú tókst betur til en tíu árum áður, og voru aðallega til þess tvær ástæður: Árferði var gott næstu ár, og stjórnin átti digra gjaldeyrisvarasjóði.

Ólafur Björnsson undi sér vel á þingi. „Það var gott andrúmsloft í þingflokki sjálfstæðismanna á þessum árum,“ sagði hann síðar. „Enginn

efaðist um það, að hæfustu mennirnir veittu honum forystu, þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson og Jóhann Hafstein, svo að nokkrir séu nefndir.¹⁷³ Ólafi fundust margir þingmenn svipmiklir, þótt hann ætti ekki samleið með þeim öllum. Nefndi hann sérstaklega bændaleiðtogana Pétur Ottesen og Jón Pálmason úr Sjálfstæðisflokki og Pál Zóphóníasson úr Framsóknarflokki, sósíalistann Einar Olgeirsson og jafnaðarmanninn Harald Guðmundsson.¹⁷⁴ Taldi hann slíkum merkismönnum síðan hafa fækkað. „Mér er ekki grunlaust um, að kjördæmabreytingin 1959, er einmenningskjördæmin hurfu, hafi valdið einhverju um þetta, þótt hún stefndi auðvitað að flestu öðru leyti í réttlætisátt.“¹⁷⁵ Styrmir Gunnarsson, sem var lengi þingfréttaritari *Morgunblaðsins*, lýsti því eitt sinn, hvernig þingmaðurinn Ólafur Björnsson kom honum fyrir sjónir:

Það var sérstök lífsreynsla að hlusta á Ólaf Björnsson tala á Alþingi. Ræðustíll hans var óvenjulegur og sérstakur, og áheyrandinn gat stundum velt því fyrir sér, hvenær niðurstaðan kæmi eða hvort hún kæmi, en hún kom alltaf og stundum af þeirri snilld, að menn sátu agndofa. Ólafur Björnsson bar höfuð og herðar yfir aðra þingmenn í umræðum um efnahagsmál á Alþingi á Viðreisnarátugnum, þegar áhrif hans voru mikil. Hann var ómetanlegur talsmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn á þessu sviði á þeim árum.¹⁷⁶

Helgi Sæmundsson ritstjóri sagði um Ólaf: „Hann er óáheyrilegur í fljótu bragði, en drjúgur ræðumaður, þegar málflutningur hans kemst til skila. Þykir hann næsta rökfastur og nýtur álits og virðingar fyrir kurteisi og hófsemi.“¹⁷⁷ Á þingi lagði Ólafur aðallega fyrir sig fjármál og efnahagsmál, og kvað Bjarni Benediktsson hann einn nýtasta þingmann Sjálfstæðisflokksins vegna viðtækrar þekkingar hans á þeim sviðum.¹⁷⁸ Þó kom fyrir, að Ólafur skipti sér af öðrum málum. Hann bar til dæmis eitt sinn fram tillögu um að leyfa útlendu fólki, sem fengi íslenskan ríkisborgararétt, að halda ættarnöfnum sínum, þótt afkomendur þeirra yrðu að taka upp hinn íslenska sið. Ekki náði það fram að ganga.¹⁷⁹

Þrátt fyrir tímafrek þingstörf sinnti Ólafur Björnsson kennslu, rannsóknnum og ritstörfum. Veturinn 1957–1958 fluttu háskólamenn sunnudagserindi í útvarp um viðfangsefni sín, og talaði Ólafur 30. mars 1958 um hagfræði sem vísindagrein.¹⁸⁰ Gerði hann þar athyglisverðan greinarmun á tveimur hugmyndum um tilgang hagkerfis. Annar væri að tryggja fulla nýtingu framleiðsluaflanna, og hefði Keynes lá-

varður aðhyllst hana. Hin væri samræming þarfa og neyslu, og væri hún í anda Adams Smiths.¹⁸¹ Laga- og hagfræðideild skipti um nafn 1957 og nefndist eftir það laga- og viðskiptadeild, en árið 1962 var sérstök viðskiptadeild stofnuð, þegar Árni Vilhjálmsson var skipaður prófessor, en hann hafði lært fjármálafræði í Harvard-háskóla.¹⁸² Urðu þeir Ólafur brátt góðir vinir. Ólafur var varaforseti Háskólaráðs, þegar Þorkell Jóhannesson rektor andaðist 31. október 1960. Gegndi hann starfi rektors, uns nýr rektor var kjörinn 19. nóvember og mælti nokkur kveðjuorð fyrir hönd Háskólans við útför Þorkels.¹⁸³ Á fimmtíu ára afmæli Háskólans 1961 var haldin mikil hátíð, og flutti hinn gamli kennari Ólafs, Carl Iversen prófessor, ávarp fyrir hönd Kaupmannahafnarháskóla. Kvaðst hann minnast margra góðra námsmanna frá Íslandi, en þó sérstaklega Ólafs Björnssonar.¹⁸⁴ Veturinn 1961–1962 var fyrirlestrarorð í tilefni afmælisins, og flutti Ólafur erindi 4. mars 1962 um Skilyrði efnahagslegra framfara.¹⁸⁵

Ólafur Björnsson hélt áfram að taka til máls um hugðarefni sín, meðal annars hættuna af viðtæku skömmunarvaldi ríkisins. Hann flutti ræðu á fjölsóttum fundi Stúdentafélags Reykjavíkur 10. mars 1959 um, hve mikil opinber afskipti væru samrýmanleg lýðræðislegu þjóðskipulagi. Þar voru framsögumenn Jóhannes Nordal, Haraldur Jóhannsson og Birgir Kjaran.¹⁸⁶ Á þjóðmálaráðstefnu stúdentafélagsins Vöku 18. mars 1961 flutti Ólafur Björnsson erindi um velferðarrikið. Ber hann saman tvær hugmyndir um ríkið, að það ætti að vera eins og dómari og línuverðir í knattspyrnukeppni, sem framfylgdu leikreglunum, en leyfðu leikendum að öðru leyti að spreyta sig sjálfum, eða eins og föstra á dagheimili, þar sem þegnarnir væru börnin.¹⁸⁷ Ólafur samdi ásamt Gunnari Viðar afmælisrit Landsbankans, er hann varð 75 ára 1961.¹⁸⁸ Ólafur tók að sér annað óvenjulegt verkefni: Árið 1962 umsamdi hann kafla um skatta og álögur, ráðstöfun sparifjár og trygginga miðað við íslenskar aðstæður í þýddri handbók, sem aðallega var notuð í húsmæðraskólum.¹⁸⁹ Nú var aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu komin á dagskrá, því að Bretland, Danmörk og Noregur sóttu um aðild, en hagkerfi þeirra þriggja voru nátengd. Andstæðingar aðildar buðu kunnum norskum prófessor, Ragnar Frisch, til landsins sumarið 1962, en hann var fylgismaður þjóðlegs áætlunarbúskapar í stað „óupplýsts peningaveldis“. Ólafur Björnsson rifjaði af því til efni upp kosti frjálsra utanríkisviðskipta og benti á, að Íslendingum væri lífsnauðsyn að fá aðgang að erlendum mörkuðum, þótt sjálfur

teldi hann ekki tímabært að taka ákvörðun um það, hvort Ísland ætti að vera utan bandalagsins eða innan.¹⁹⁰ Þessi árin gegndi Ólafur líka ýmsum nefndarstörfum. Hann sat 1959 í nefnd til að gera tillögur um hagrannsóknir og 1960 í millipinganefnd í skattamálum og 1960–1971 í verðlagsnefnd. Hann sat einnig í bankaráði Seðlabankans 1963–1968. Ólafur lét oft í ljós þá skoðun, að ójafnvægið í íslenskum efnahagsmálum mætti rekja til ójafnvægis í peningamálum. Verðbólga fæli í sér, að peningar féllu í verði, en það torvelldaði notkun þeirra sem verðmælis. Við mikla verðbólgu væri erfitt að gera langtímaskuldbindingar. Eitt ráð til að smíða nothæfan verðmæli væri að verðtryggja krónuna. Ólafur Jóhannesson lagaprófessor, þingmaður Framsóknarflokksins, hafði hreyft þeirri hugmynd 1960, en Ólafur Björnsson flutti um þetta þingsályktunartillögu, sem var samþykkt 1963. Almennri verðtryggingu fjárskuldbindinga var þó ekki hrundið í framkvæmd fyrr en með lögum árið 1979 og þá einmitt að frumkvæði Ólafs Jóhannessonar. Hafði það viðtækar og eflaust ófyrirséðar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf, þegar eðlilegt verð var sett upp fyrir lánsfé, sem áður hafði verið úthlutað eins og gjöfum til fyrirtækja.¹⁹¹

Í þingkosningunum 9. júní 1963 skipaði Ólafur Björnsson sem fyrr sjötta sæti listans og tók fullan þátt í kosningabaráttunni.¹⁹² Ragnhildur Helgadóttir hafði vikið af listanum, en Pétur Sigurðsson sjómaður var færður í fimmta sæti, sem hún hafði skipað, upp fyrir Ólaf. Var Ólafur kjördæmakjörinn þingmaður. Nú var Bjarni Benediktsson orðinn formaður í stað Ólafs Thors, sem dregið hafði sig í hlé 1961, en Gunnar Thoroddsen var kjörinn varaformaður í stað Bjarna. Árið 1965 ákvað Gunnar hins vegar að hætta stjórn málaafskiptum og ganga í utanríkisþjónustuna. Í stað hans var Jóhann Hafstein kjörinn varaformaður Sjálfstæðisflokksins, en Sveinn Guðmundsson, forstjóri Héðins, sem verið hafði fyrsti varamaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, tók sæti á þingi. Ólafur Björnsson hélt áfram skrifum og ræðuhöldum. Nú var eitt aðaláhugamál hans orðið þróunarlöndin, og hélt hann erindi um þau á ráðstefnu Varðbergs, félags ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, í Borgarnesi 31. maí 1965.¹⁹³ Háskólinn stækkaði ört þessi misserin, og var Ólafur einn frummælenda á stúdentafundi um framtíð Háskólans 9. nóvember 1965.¹⁹⁴ Í blaðagreinum leiddi Ólafur rök að því, að hugtökin hægri og vinstri væru orðin úrelt, og snerist stjórn málaágreiningur nú miklu frekar um frelsi og ríkisvald. Hann taldi líka hugmyndir Marx um stéttaskiptingu og stéttabaráttu úreltar,

meðal annars vegna þess að sífellt fleiri lifðu nú af þekkingu sinni, en hvorki vöðvaafli né fjármagni.¹⁹⁵ Ólafur þreyttist ekki á að benda opinberlega á, að kjarabætur fengjust ekki með kjarabaráttu, heldur hagvexti. Verkalýðshreyfingin virtist vera föst í þeirri hugmynd, að knýja þyrfti fram kauphækkanir með verkföllum, en ekki stuðla að aukinni eftirspurn eftir vinnuafli, sem hefði sjálfkrafa í för með sér kauphækkanir.¹⁹⁶ Í viðtali við *Frjálsa verslun* í september 1968 kvað Ólafur nauðsynlegt að auka fjölbreytni í atvinnulífinu, eins og viðreisnarstjórnin var að reyna að gera.¹⁹⁷ Ólafur lagði líka orð í belg um það, sem var að gerast í umheiminum. Þetta haust réðst Rauði herinn inn í Tékkóslóvakíu í því skyni að stöðva viðleitni þar til að auka skoðanafrelsi. Rifjaði Ólafur þá upp deilurnar hérlandis sumarið 1945 um, hvort skoðanafrelsi gæti þrífist við sósíalisma. Taldi hann kaldhæðni örlaganna, að kommúnistaleiðtogar hefðu nú „gerst ábekingar á þeim víxli“, sem Friðrik Hayek hefði gefið út fyrir hálfri öld: Þeir hefðu á sinn hátt tekið undir þá skoðun hans (og Ólafs), að lýðræði færi ekki saman við áætlunarbúskap.¹⁹⁸

Í þingkosningunum 11. júní 1967 skipaði Ólafur Björnsson sjötta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík eins og hann hafði gert allar götur frá 1949. Í efstu sætum voru sömu menn og fyrr, nema hvað Birgir Kjaran var aftur kominn þangað í stað Gunnars Thoroddsens. Í næstu sætum fyrir neðan Ólaf voru Sveinn Guðmundsson, forstjóri Héðins, og Geir Hallgrímsson borgarstjóri. Gagnrýndi Ólafur „hina leiðina“, sem framsóknarmenn boðuðu: Hún væri ekkert annað en gamla haftastefnan.¹⁹⁹ „Reykvíkingar óska ekki eftir því, að setulið framsóknarmanna hreiðri á ný um sig í hinum pólitísku úthlutunarnefndum til þess að skammta þeim bæði smátt og stórt.“²⁰⁰ Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1969 færði Ólafur rök fyrir því, að verslun væri jafnmikilvæg og aðrir atvinnuvegir, enda gerði hún verkaskiptingu mögulega. Andúð á kaupmönnum væri leifar af hugsunarhætti liðins tíma.²⁰¹

Viðreisnarstjórnin komst klakklaust í gegnum hina miklu örðugleika árána 1967–1968, og allt virtist vera í blóma sumarið 1970. En þá féll Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, skyndilega frá. Sjálfstæðismenn voru þessu með öllu óviðbúnir. Jóhann Hafstein tók við formennsku til bráðabirgða. Fyrsti varamaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, settist á þing, en margir töldu hann eðlilegan arftaka

Bjarna. Ekki voru þó allir sammála um það. Gunnar Thoroddsen, sem beðið hafði lægri hlut í forsetakjöri 1968 og eftir það tekið við embætti hæstaréttardómara, ákvað nú að hefja aftur afskipti af stjórnmálum. Jafnframt tilkynnti Ragnhildur Helgadóttir, að hún hefði hug á því að setjast aftur á þing. Þegar setja átti saman framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir þingkosningarnar 1971, voru þau Gunnar, Geir og Ragnhildur öll talin eiga þingsæti vís. Ólafur Björnsson hafði haft hug á því að hætta þingmennsku og helga sig prófessorsstarfinu óskiptur og talað um það við nokkra frammámenn flokksins. Hafði hann samið yfirlýsingu um, að hann gæfi ekki kost á sér, og sent til Morgunblaðsins 18. ágúst 1970, skömmu áður en skoðanakönnun fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík átti að fara fram. En af tilviljun varð eins dags dráttur á því, að yfirlýsing hans birtist í blaðinu, og þá varð kunnugt um nafnlaust dreifibréf, sem sent hafði verið til sjálfstæðisfólks, þar sem lagt var til, að hvorki Ólafur né Birgir Kjaran yrðu á lista flokksins. Mælt var, að dreifibréfið væri runnið undan rifjum Sveins Guðmundssonar í Héðni, sem eflaust hefur talið sig þurfa að fella annaðhvort Ólaf eða Birgi til að ná þingsæti.²⁰²

Ólafur Björnsson tók dreifibréfið óstinnt upp og taldi sig að svo búnu verða að gefa kost á sér.²⁰³ Gerð var skoðanakönnun í ágústlok á meðal félagamönnum í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, og lenti Ólafur í fjórða sæti, á eftir Jóhanni Hafstein, Geir Hallgrímssyni og Pétri Sigurðssyni. Í næstu sætum voru Auður Auðuns, Birgir Kjaran, Gunnar Thoroddsen og Ragnhildur Helgadóttir.²⁰⁴ Sveinn Guðmundsson hrapaði niður í 13. sæti, eflaust vegna aðfararinnar að Ólafi, og tók ekki þátt í prófkjörinu, sem á eftir kom. Ólafur Björnsson birti síðan stutta greinargerð, þar sem hann sagðist gefa kost á sér, þótt sér væri það ekki ljúft.²⁰⁵ Hann var eins og aðrir frambjóðendur í prófkjörinu spurður um viðhorf sitt til þjóðmála og starfa Alþingis. Hann svaraði svo:

Það kann að koma á óvart, að í svari mínu við fyrri hluta þessarar spurningar legg ég áherslu á það, að ég tel mig meiri félagshyggju- en einstaklingshyggjumann. Vissulega er heill og hamingja einstaklingsins markmið í sjálfa sér, en gamla kenningin um það, að einstaklingurinn þjóni heildinni best með því að þjóna eigin hagsmunum, hefur takmarkað gildi í nútíma þjóðfélagi. Menn mega, ef þeir vilja, draga af þessu þá ályktun, að ég sé þá vinstri maður „fræðilega“ séð, þar eð þeir leggja megináherslu á nauðsyn félagshyggju og samvinnu þjóðfélagsborgaranna. Ég hef þó ekki átt samleið með íslenskum

vinstri mönnum, hvað sem líða kynni afstöðu minni, ef ég væri borgari í einhverju nágrannalandinu, en það er vegna oftrúar þeirra á því, að það samstarf þjóðfélagsborgaranna, sem ég er þeim sammála um, að nauðsynlegt sé, beri að skipuleggja með opinberu valdboði. Ég trúi hins vegar í því efni á hinn frjálsa samtaka- og samningsrétt.²⁰⁶

Eflaust var það rétt hjá Ólafi, að þetta svar hafi komið mörgum á óvart. Flestir aðrir frambjóðendur opnuðu kosningaskrifstofur, gáfu út bæklinga og héldu fundi. Vinir Ólafs lögðu til, að hann gerði slíkt hið sama. „Ég neitaði því,“ sagði Ólafur, „því að áróður af þessu tagi er andstæður hugmyndum mínum um lýðræði: þeir, sem hafa fjárráðin, eru sterkari en aðrir. Ég tel það betra að tapa leik en að beita óheiðarlegum aðferðum. Lýðræði skil ég þannig, að höfuðin eigi að telja, ekki krónurnar.“²⁰⁷ Sérstaklega var kosningabarátta Ellerts B. Schrams öflug, en hann naut stuðnings margra ungra manna, enda formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna og kunnur knattspyrnukappi.

Prófkjórið í Reykjavík fór fram dagana 27. og 28. september 1970. Atkvæði greiddu samtals 9.271 manns, en auðir seðlar og ógildir voru 149. Merktu kjósendur með krossi við sjö frambjóðendur, hvorki fleiri né færri. Úrslit voru þessi:

1. Geir Hallgrímsson 6.605 atkvæði.
2. Jóhann Hafstein 6.040 atkvæði.
3. Gunnar Thoroddsen 5.738 atkvæði.
4. Auður Auðuns 5.584 atkvæði.
5. Pétur Sigurðsson 4.568 atkvæði.
6. Ragnhildur Helgadóttir 3.990 atkvæði.
7. Ellert B. Schram 3.919 atkvæði.
8. Birgir Kjaran 3.443 atkvæði.
9. Geirprúður Bernhöft 2.990 atkvæði.
10. Ólafur Björnsson 2.892 atkvæði.²⁰⁸

Ólafur Björnsson lenti milli stafs og hurðar í átökunum í Sjálfstæðisflokknum, sem voru í fyrsta lagi milli Geirs Hallgrímssonar og Gunnars Thoroddsens og í öðru lagi milli ungra manna og eldri kynslóðarinnar. Hinar óvenjulegu yfirlýsingar Ólafs fyrir prófkjórið um, að sér væri ekki ljúft að sitja áfram á þingi og að hann væri í raun félagshyggjumaður, bættu eflaust ekki heldur hlut hans. Hann átti engan afmarkaðan hóp stuðningsmanna, sem leit á hann sem „sinn mann“.

Háskólaprófessor og rithöfundur: 1971–1999

Ólafur Björnsson tók fallið í prófkjörinu haustið 1970 afar nærri sér og var ólíkt Birgi Kjara ekki á framboðslista flokksins í kosningunum. Sagði hann við *Þjóðviljann*: „Ég tel ólíklegt, að ég taki eftir þetta kjörtímabil þátt í stjórnámálum á vettvangi Sjálfstæðisflokksins.“²⁰⁹ Ekki sagði Ólafur þó af sér í bankaráði Útvegsbankans, þar sem hann hafði verið formaður frá 1968. Gegndi hann þeirri stöðu allt til 1980. Ólafur tók líka að sér að vera formaður stjórnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin 1971 og gegndi þeirri stöðu til 1981. En um sama leyti og Ólafur féll í prófkjöri, var honum falið nýtt verkefni. Hann hafði setið í nefnd, sem Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra hafði skipað sumarið 1970 til að semja drög að reglugerð um þjóðfélagsfræðinám í Háskóla Íslands, en heimspekideild hafði hafnað því að stofna sérstaka skor fyrir slíkt nám, eins og eftir hafði verið leitað. Þetta haust var Ólafur síðan skipaður í stjórn nýrrar námsbrautar í þjóðfélagsfræðum, sem stofnuð var. Kenndi hann hagfræði á brautinni fyrstu árin.²¹⁰ Nemendur og kennarar brautarinnar hölluðust margir til vinstri. Þegar kom að því að tala um Marx í hagfræði fyrsta árið, höfðu marxistar í röðum nemenda undir forystu Leifs Jónssonar samband við fulltrúa sinn í stjórn námsbrautarinnar, Þórólf Þórlindsson, og kváðu fráleitt, að ihaldsmaðurinn Ólafur Björnsson kenndi um hann. Vildu þeir fá einhvern til þess, sem hefði meiri samúð með sjónarmiðum Marx. Ólafur tók þessari óvenjulegu málaleitan ljúfmannlega, og var Lofti Guttormssyni sagnfræðingi boðið að halda gestafyrirlestur á námskeiðinu. Þótti það takast hið besta. Einn nemandinn spurði Loft flókinna spurningar um sjónarmið Marx í *Fjármagninu* (Das Kapital), og kvaðst Loftur því miður ekki vita svarið við henni. Þá gall við í Ólafi, þar sem hann sat úti í horni: „Ja, þetta er nú í þessum kafla í Das Kapital!“ Fór hann síðan með heiti og efni kaflans. Eftir það litu hinir róttæku stúdentar til Ólafs af meiri virðingu en áður. „Ólafur leyndi á sér. Hann sagði fátt til að byrja með, en skar síðan oft úr málum með einni hnitmiðaðri setningu. Hann gat líka verið bráðfyndinn,“ sagði Þórólfur Þórlindsson.²¹¹

Í aðdraganda þingkosninganna 1971 vitnuðu stjórnarandstæðingar óspart til ýmissa ummæla Ólafs skömmu eftir prófkjör sjálfstæðismana í Reykjavík, þegar hann varaði við verðbólgu, eftir að lyki tímabundinni verðstöðvun, sem þá hafði verið sett á.²¹² Í kosningun-

um missti viðreisnarstjórnin þingmeirihluta sinn, aðallega vegna fylg-istaps Alþýðuflokksins. Ólafur Jóhannesson myndaði vinstri stjórn, en Gylfi Þ. Gíslason, viðskipta- og menntamálaráðherra síðustu fimm-tán árin, fékk nýtt prófessorsembætti í viðskiptadeild. Nemendum og kennurum deildarinnar hafði fjölgað mjög. Guðlaugur Þorvaldsson kenndi fyrst fyrir Gylfa, en fékk síðan sjálfur embætti. Einnig varð dr. Guðmundur Magnússon hagfræðingur prófessor í deildinni. Á meðal dósentar og lektora deildarinnar voru þeir dr. Kjartan Jóhannsson, Brynjólfur Sigurðsson, dr. Þráinn Eggertsson og Stefán Svavarsson.²¹³ Eftir skyndileg forföll Magnúsar Más Lárussonar háskólarektors haustið 1973 gegndi Ólafur Björnsson, sem þá var varaforseti Háskólaráðs, rektorsembættinu um skeið, uns nýr rektor hafði verið kjörinn.²¹⁴ Þótt Ólafur Björnsson væri sár og móður eftir tapið í prófkjörinu, hélt hann áfram ritstörfum. Á ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 birti hann til dæmis yfirgripsmikla ritgerð í *Andvara* um þróun íslenskra efnahagsmála síðustu öldina.²¹⁵ Arið 1975 gaf hann út uppsláttarrit fyrir Bókaútgáfu Menningarsjóðs, *Hagfræði*. Voru þar helstu hugtök og fyrirbæri hagfræðinnar útskýrð í stuttu máli og sögð deili á kunnum hagfræðingum. Einnig flutti hann að vanda ræður og birti greinar um efnahagsmál.²¹⁶ Enn fremur sátu hann og Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður 1972–1973 í sátta-nefnd, sem leysa skyldi hatramma deilu Laxárvirkjunar og nokkurra bænda í Mývatnssveit og Laxárdal um mannvirki tengd virkjunum.²¹⁷ Fóru þeir margoft til Akureyrar, og voru tillögur þeirra samþykktar eftir talsvert þóf.²¹⁸ Ólafur átti ánægjulegra erindi norður sumarið 1971, þegar hann talaði við skólaslit í Menntaskólanum á Akureyri og afhenti skólanum peningagjöf fyrir hönd fjörutíu ára stúdenta.²¹⁹

Nú voru viðhorf til hagstjórnar að breytast erlendis. Friðrik Hayek fékk Nóbelsverðlaun í hagfræði 1974 og annar frjálshyggjumaður, Milton Friedman, 1976. Tveir stjórnmálamenn, sem orðið höfðu fyrir áhrifum af Hayek og Friedman, tóku að láta að sér kveða, þau Margrét Thatcher, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, og Ronald Reagan, ríkisstjóri í Kaliforníu og einn af forystumönnum Lýðveldisflokksins (Repúblikana). Þetta varð Ólafi Björnssyni hvatning til að skrifa bók um stjórnmálaskoðanir sínar, *Frjálshyggju og alræðishyggju*, sem kom út 1978. Orðin voru þýðingar hans á „libertarianism“ og „totalitarianism“, en Ólafur taldi þau lýsa betur raunverulegum stjórnmála-ágreiningi en orðin „hægri“ og „vinstri“. „Meginmunur þessara stefna

er sá, hvort stjórnvöld eiga í nafni heildarinnar að ákveða öll þau markmið, sem einstaklingarnir og þá um leið heildin eigi að stefna að, eða hvort einstaklingarnir eigi sjálfir að ákveða sín markmið og megi framfylgja þeim innan takmarka þeirra leikreglna, sem alltaf verður að setja vegna tillits til annarra þjóðfélagsþegna.²²⁰ Að sögn Ólafs hvíldi frjálshyggja á einstaklingshyggju og heilbrigðri sjálfsbjargarviðleitni, en ekki á sjálfselsku eða ágirnd, eins og oft væri haldið fram (og Sigurður Guðmundsson skólameistari hafði sagt í skólaslitaræðunni yfir gagnfræðingum á Akureyri forðum). Alræðishyggja væri hins vegar reist á heildarhyggju, þar sem heildin lyti nú forsjá foringja eða félaga, en áður kónga eða keisara. Studdist Ólafur mjög við rit þeirra Karls Poppers og Friðriks Hayeks, eins og hann tók sjálfur fram. Má heita, að kaflarnir í bókinni um kenningar þeirra Platóns, Hegels og Marx séu endursagnir á köflum um þá í bók Poppers, *Opnu skipulagi og óvinum þess*.²²¹ Ólafur setti fram sömu skýru rök og í fyrri ritum sínum fyrir því, að miðstýrður áætlunarbúskapur hlyti að leiða til alræðis. Hann vísaði einnig svokallaðri samrunakenningu á bug, en hún var um það, að hagkerfi Vesturlanda væri að þróast í átt til sósíalisma og hagkerfi kommúnistaríkjanna í átt til kapítalisma. Taldi Ólafur eðlismun á þessum tveimur tegundum hagkerfa. Enn fremur greindi Ólafur ýmis tormeðki á því að setja saman vilja einstaklinga í sjálfum sér samkvæman heildarvilja, eins og margir stuðningsmenn óhefts lýðræðis hugsuðu sér. Taldi hann lýðræði þjóna öðrum og miklu þrengri tilgangi, sem ef til vill væri best lýst með orðum Vilmundar Jónssonar, að „höfuðkostur lýðræðis væri sá, að það gerði kleift að losna við ríkisstjórn án þess að skjóta hana“.²²²

Ólafur Björnsson fylgdi bók sinni eftir með fróðlegri grein í *Morgunblaðinu*. Kvað hann leynast á bak við hið fallega orð „félagshyggju“ hinn ófrýnilega náunga úr skáldsögu Georges Orwells, Félaga Napóleon. Þótt Ólafur tæki fram, að haftabúskapurinn íslenski hefði ekki verið sambærilegur alræði Stalíns, benti hann á, að hann hefði haft í för með sér ritskoðun, því að sérstök nefnd hefði ákveðið, hvaða bækur ætti að flytja inn. Haftabúskapurinn hefði líka haft í för með sér áttthagafjötra, því að menn hefðu ekki fengið gjaldeyri til utanferða, nema sérstök nefnd tæki erindi þeirra gott og gilt. Ólafur rifjaði upp kvæði Dzhabúls um Stalín, sem hann hafði hlustað á fjóru tíu árum áður, þar sem Stalín var nefndur „söngvari þjóðvísunnar“. Merkingin væri sú, að Stalín hefði vitað betur en þjóðin sjálf, hvað

henni væri fyrir bestu, átt að syngja fyrir hana. Á sama hátt hefðu á Íslandi starfað „söngsveitir“ á Skólavörðustíg 14, þar sem skömmtnunarnefndir ríkisins hefðu haft aðsetur á haftatímanum. Þetta hefðu verið kvartettar, kvintettar og stundum dúettar. Þær hefðu verið skipaðar mætum mönnum, en þeim hefði verið fengið óleysanlegt verkefni, sem hefði verið að ákveða, hverjum þörfum þjóðarinnar ætti að fullnægja og hverjum ekki.²²³

Bók Ólafs Björnssonar, *Frjálshyggja og alræðishyggja*, vakti mikla athygli. Vinstri menn tóku henni misjafnlega. Feðgarnir Gylfi Þ. Gíslason og Þorsteinn Gylfason heimspekiþrófessor töldu Ólaf hafa mistúlkað John Stuart Mill, sem hefði verið jafnaðarmaður, en ekki aðhyllst frjálshyggju. Ólafur svaraði því til, að Mill hefði vissulega ekki stutt óheft frelsi atvinnurekenda, en honum hefði verið umhugað um neytendur og frjálst val þeirra.²²⁴ Í *Vísi* birtist viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem vísað var til á forsiðu. Ólafur Ragnar kvað verk Ólafs of seint á ferð. Það væri um ágreining, sem væri í raun horfinn:

[Ý]msir fylgjendur frjálshyggjunnar og markaðskerfisins hafa á síðustu árum haft tilhneigingu til að flýja frá greiningu á hinum miskunnarlausum og flóknum veruleika forstjóra- og embættisvaldsins í hagkerfum Vesturlanda. Þeir hafa búið sér þess í stað til draumsýn um markaðskerfi einstaklinga, sem þeir álíta, að sé veruleikinn, en er hins vegar hvergi að finna nema í fræðibókum. Þessi flótti er að mínum dómi alvarlegasta pólitíska og fræðilega skyssa, sem boðendur frjálshyggjunnar gera á okkar dögum.²²⁵

Aðrir voru ósammála Ólafi Ragnari Grímssyni og töldu ágreining um takmörk ríkisvaldsins síður en svo úreltan. Kominn væri tími til að auka svigrúm einstaklinganna. Greinarhöfundur sá þá um fastan þátt í Ríkisútvarpinu og ræddi við Ólaf um bók hans 12. nóvember. Matthías Johannessen, ritstjóri *Morgunblaðsins*, helgaði henni þrjú heil Reykjavíkurbref um svipað leyti.²²⁶ Árið 1978 endurútgaf Samband ungra sjálfstæðismanna útdráttinn úr *Leiðinni til ánauðar*, sem Ólafur Björnsson hafði þýtt 1945. Nokkrir ungir menn stofnuðu Félag frjáls-
hyggjumanna á áttaræðisafmæli Friðriks Hayeks 8. maí 1979, og var tilgangur þess að kynna frjálshyggju á Íslandi og rannsaka, hvernig hana mætti laga að íslenskum aðstæðum. Einn nemandi Ólafs Björnssonar, Friðrik Friðriksson, var fyrsti formaður félagsins. Á fundi félagsins í nóvember 1979 talaði Ólafur Björnsson um Lúðvík von Mises.²²⁷



Bók Ólafs Björnssonar, Frjálshyggja og alræðishyggja, sem kom út 1978, vakti mikla athygli. Hér ræðir greinarhöfundur við Ólaf um bókina í Ríkisútvarpinu 12. nóvember 1978.

Hann tók líka sæti í ritnefnd tímaritsins *Frelsisins*, sem Félag frjálshyggjumanna gaf út 1980–1987 (en félagið var sjálft leyst upp á tíu ára afmæli sínu, þar eð það þótti hafa náð tilgangi sínum). Vorið 1980 kom Hayek í heimsókn til Íslands og hélt tvo fyrirlestra, annan í Háskóla Íslands um skipulag peningamála, hinn um „miðju-moðið“ á málstofu Félags frjálshyggjumanna. Hafði Ólafur Björnsson gaman af því að skiptast á skoðunum við Hayek, sem hann hafði ekki hitt áður, og eins þótti Hayek fróðlegt að heyra af hinum hörðu deilum um *Leiðina til ánauðar*, sem háðar voru á Íslandi sumarið 1945.

Frjálshyggja þeirra Hayeks og Friedmans fór sigurför um heiminn næstu ár. Thatcher varð forsætisráðherra Bretlands í maí 1979 og Ronald Reagan forseti Bandaríkjanna í janúar 1981, og reyndu þau eftir megni að hrinda hugmyndum í þessum anda í framkvæmd. Jafnframt því sem Ólafur hélt áfram að fylgjast með þróuninni erlendis, sinnti hann kennslu og ritstörfum. Birti hann nokkrar ritgerðir og greinar næstu árin í blöðum og tímaritum.²²⁸ Einnig skrifaði hann *Sögu Íslandsbanka og Útvegsbanka Íslands 1904–1980*, sem kom út 1981. Þar hélt hann því fram, að lokun Íslandsbanka árið 1930 hefði

